



Upplýsingar til fanga við komu í fangelsið Litla-Hraun




Upphaf vistunar á Litla-Hrauni.

Við komu í fangelsið er fangi tekinn í viðtal og honum m.a. kynntar helstu reglur fangelsisins og möguleikar til náms og vinnu.

Heimsóknir :

Fangar eiga kost á að fá heimsóknir samanber 33. gr. laga nr. 49/2005 *Sjá enn fremur 8.*

gr.meðfylgjandi reglugerð nr. 961/2005 . Panta þarf tíma fyrir heimsóknir og skal það gert skriflega á þar til gerðum eyðublöðum.



Fyrir kl. 12. á **mánudögum** skal skila umsóknum fyrir heimsóknir á þriðjudögum og miðvikudögum.

Fyrir kl. 12 á **miðvikudögum** skal skila umsóknum fyrir heimsóknir á föstudögum.

Fyrir kl. 12 á **fimmtudögum** skal skila umsóknum fyrir heimsóknir á laugardögum og sunnudögum.

Heimsóknir fara fram þriðjud, miðvikud, og föstudaga á tímabilinu frá kl. 13:00 til 16:00.

Ekki er tekið á móti heimsóknargestum eftir kl. 14:00 .



Heimsóknir á laugardögum og

sunnudögum eru kl. 12:30 til 15:00 og **ATH ekki er tekið á móti gestum eftir kl. 13:15**

Heimsóknir fara fram í heimsóknar álmu í Húsi-2.

Heimsóknir fara fram í Barnakoti alla virka daga á tímabilinu frá kl. 13:00 til 16:00.

Ekki er tekið á móti heimsóknargestum eftir

kl. 14:00 .

Fangar þurfa að segja gestum sínum að þeir þurfi að senda tölvupóst á netfangið heimsoknir@fangelsi.is. Gestir þurfa að senda póstinn ekki seinna en 10 dögum eftir að fangi skilar gestalista sínum. Annars má búast við því að synjað verði um heimsóknina.


Föngum er óheimilt að hafa með sér varning eða lausamuni í heimsóknarálmu. Föngum er þó heimilt að undangenginni athugun að hafa með sér varning sem á að fara með heimsóknargestum út úr fangelsinu. Föngum er óheimilt að hafa með sér varning úr heimsóknarálmu. Gestum er einnig óheimilt að hafa með sér inn í fangelsið varning eða lausamuni. Fangar geta sótt um leyfi til að fá heimsókn annarra en nánustu aðstandenda og skulu þeir þá gefa ítarlegar upplýsingar um viðkomandi heimsóknargest, tengsl sín við hann, og tilgang heimsóknarinnar

Rauða kross heimsóknir:

Fangar geta óskað eftir heimsóknum



Starf með föngum



“heimsóknarvina” sem eru sjálfbóðaliðar R.K.Í. Slíkar heimsóknir eru einkum ætlaðar þeim föngum sem litlar eða engar heimsóknir fá frá öðrum aðilum. R.K.Í. heimsóknir geta fangar fengið c.a. hálfsmánaðarlega. Nánari upplýsingar veitir vakthafandi varðstjóri.

Sendingar til fanga.
Allar sendingar til fanga; bréf, pakkar og þ.h. fara um skrifstofu fangelsisins.
Móttaka pakka fer aðeins fram á skrifstofutíma .

Föngum er bent á að láta ekki senda sér varning í fangelsið, t.a.m. það sem telst aukabúnaður í klefa nema hafa áður fengið til þess leyfi fangelsisins.

Bannaðar eru sendingar sem innihalda : matvæli, gosdrykki, reyktóbak, neftóbak, sælgæti og hreinlætisvörur .

Föngum er bent á að aðstandendum er heimilt að koma með peninga til kaupa á áðurgreindum vörum, sbr. þó grein 42 í lögum 49/2005 um hámark

peninga sem föngum er heimilt að hafa hjá sér. Afgreiðsla á pökkum er á miðvikudögum og föstudögum, sjá auglýsingu.

Áréttað er að ekki er tekið á móti blómasendingum.


Símtöl.
Fangar greiða sjálfir fyrir símanotkun. Símatímar eru auglýstir nánar á hverri deild fangelsisins.
Ath. engrar innhringingar eru leyfðar til fanga. Hægt að koma skilaboðum til fanga í símsvara sem lesið er af 3 á dag.

Viðtöl.
Fangi getur óskað eftir viðtali við yfirmenn fangelsisins. Fangar skulu leggja inn beiðni um slík viðtöl á þar til gerð eyðublöð, og setja þau síðan í kassa sem er við varðstofur í húsi 3 og 4 .

Einnig geta fangar skrifað þeim yfirmanni sem þeir eiga erindi við. Óski fangi eftir aðstoð eða upplýsingum , t.d. skýringum á reglum , skal hann biðja um viðtal við varðstjóra.

Heilbrigðisþjónusta
Hjúkrunarfræðingur kemur flesta daga vikunnar er með viðtalstíma fyrir fanga og vísar þeim áfram til annarra fagstétta

Heilsugæslulæknar.
Læknir kemur einu sinni til tvisvar í viku , í fangelsið og sinnir þeim



Hér að ofan er yfirlitsmynd af Litla-Hrauni
og bent á nokkrar helstu staðsetningar svo sem :

AÐSTÖÐU VERKSTJÓRA 1
HEIMSÓKNARÁLMMU
ÍÞRÓTTAHÚS
PAKKA AFGREIÐSLU og
LÆKNAMÓTTÖKU

föngum sem þess þurfa.
Telji fangi sig þurfa að fá viðtal við
lækni skal hann skrá sig
á lista (eyðublað) til
hjúkrunarfræðings sem
raðar á lista til læknisins.
Óski fangi
geðlæknishjálpar eða
annarrar
sérfræðipjónustu skal
hann koma slíkum óskum á framfæri
við fangelsislækni.



Sálfræðipjónusta.

Sálfræðingar sinna
greiningu og
sálfræðimeðferð.
Sálfræðingar eru með
viðtöl þrisvar í viku
Óski fangi eftir viðtali
við sálfræðing
fangelsisins, skal hann
koma beiðni þar um á
varðstofu.



Félagsráðgjafar

veita ráðgjöf varðandi
félagsleg viðfangsefni s.s.
húsnæðismál, framfærslu,
fjölskyldutengsl, meðferðir og
úrræði í samfélaginu eftir að
út er komið. Þeir eru
tengiliðir við félagsþjónustur, barnavernd,
aðrar stofnanir og félagasamtök.
Félagsráðgjafar aðstoða einstaklinga við að
undirbúa það að losna úr fangelsi ásamt því að
sinna stuðningi á reynslulausnartíma.
Félagsráðgjafi er að öllu jöfnu á Litla-Hrauni
þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga.
Hægt að panta viðtal hjá félagsráðgjafa á
eyðublöðum við varðstofur.



Lyfjatímar.

Lyf sem fangelsislæknar ávísa til fanga
eru afgreidd af starfsmönnum
fangelsisins á ákveðnum tíma.
Nánar auglýst á deildum.
Fangar geta ekki búist við því að fá lyf

afgreidd á öðrum tímum.

Reglur um tannviðgerðir og kostnað þeirra.

Fangar eiga rétt á að njóta
tannlæknaþjónustu. Fangar greiða
sjálfir fyrir tannlæknaþjónustu .

Leita skal til tannlækna á Selfossi .

Reglur Fangelsismálastofnunar

varðandi gleraugnakaup fyrir fanga:

Ef fyrirséð er að fangi verði vistaður í
fangelsi í meira en eitt ár og hefur ekki
fjárhagslegt bolmagn til að greiða fyrir
gleraugu, greiðir
fangelsið allt að kr.
9.000.- vegna
gleraugnakaupa.



Útivist fanga.

Útivistartímar eru alla
daga á hinum ýmsu
tímum sem auglýstir
eru á deildum fangelsisins.
Hver fangi fer einu sinni út í hverjum
útivistartíma.

Skólahald.

Á vegum Fjölbrautaskóla Suðurlands
(FSu) er starfræktur skóli í
fangelsinu. Þar er boðið upp á ýmsa
bóklega áfanga á
framhaldsskólastigi. Einnig hefur
skólinn milligöngu um fjarnám, ef þess
er kostur. Kennslustjóri og náms- og
starfsráðgjafi eru til viðtals á staðnum.

Verslun. (RIMLAKJÖR)

Verslun fyrir fanga er rekin í fangelsinu
og er opin samkvæmt auglýsingu.
Selt er gegn staðgreiðslu.

Þvottur.

Þvottahús er á staðnum. Þar eru þvegin rúmföt og fatnaður fanga. Tekið er á móti persónufatnaði fanga vikulega og rúmfatnaði aðra hverja viku. Móttaka og afgreiðsla á þvotti fer fram á auglýstum tíma. Föngum er óheimilt að senda fatnað til þvotta utan fangelsis. Kvartanir vegna glataðs fatnaðar og skemmda á fatnaði í þvotti, verða að berast verkstjóra í þvottahúsi eigi síðar en daginn eftir afhendingu úr þvottahúsi.

Reykingar.

Reykingar eru bannaðar í fangelsisbyggingum nema á fangaklefum, fyrir luktum dyrum.

Opnun og lokun fangaklefa.

Fangar eru lokaðir inni á klefum sínum eigi síðar en kl. 22:00
Fangaklefar eru opnaðir kl 08:00.
Sér reglur gilda um öryggisálfu fangelsisins.

Lög og reglur.

Á varðstofum fangelsisins eru möppur með lögum um fangelsi og fangavist, ásamt þeim reglugerðum sem settar hafa verið samkvæmt heimildum í lögum. Í möppunum er einnig að finna húsreglur fyrir fanga á Litla-Hrauni, almennar reglur um klefabúnað í fangelsinu og ýmsar aðrar upplýsingar sem föngum er bent á að kynna sér ítarlega .

Ath. Ef fangi telur sig þurfa á einhverjum upplýsingum að halda um atriði sem ekki koma fram í innihaldi möppunnar eða ef hann óskar eftir að fá til aflestrar lög




eða reglugerðir sem þar eru ekki að finna, er honum bent á að snúa sér til varðstjóra eða senda skriflega beiðni um gögnin á skrifstofu fangelsisins.

Bókasafn.

Bókasafn er á staðnum til afnota fyrir fanga.

Fangar hafa aðgang að lagasafni í bókasafni fangelsisins

Föngum, sem fara í vinnu, útivist eða viðtöl er bannað að hafa meðferðis varning eða lausamuni af klefa eða sameign. .



Fangaprestur

- sr. Hreinn S. Hákonarson:

Fangaprestur Þjóðkirkjunnar kemur vikulega í heimsókn og ræðir við fanga. Hann er sálusorgari fanganna og hægt er að panta viðtal við hann á varðstofum eða hringja í hann. Símar: 898-0110 og 552-4399<http://www.kirkjan.is/annall/fangaprestur>

Vernd - fangahjálp

Fulltrúar frá félagasamtökunum Vernd koma í fangelsið alla jafna mánaðarlega og er það auglýst deginum áður og geta fangar þá skráð sig til viðtals. Vernd rekur áfangaheimili í Reykjavík og er hægt að sækja um vist þar að lokinni afplánun eða ljúka afplánun þar með vissum skilyrðum.

Fangaprestur Þjóðkirkjunnar

Hreinn S. Hákonarson - hreinn.s.hakonarson@kirkjan.is

Sími á skrifstofu Verndar
3003 og heimasíða
Verndar er: [http://
www.vernd.is/](http://www.vernd.is/)



er: 562-



AÐGÁT

Félag aðstandenda fanga

Aðgát heldur fundi í safnaðarheimili
Fríkirkjunnar í Reykjavík, Laufásvegi 13,
fyrsta þriðjudagskvöld hvers mánaðar

Netfang: <http://www.adgat.net>



Upplýsingar um umboðsmann Alþingis

Föngum er heimilt að bera mál sín
er varða stjórnslu fangelsis-
yfirvalda undir umboðsmann
Alþingis.

Helstu upplýsingar um
umboðsmann eru þessar:

Heimilisfang:

Umboðsmaður Alþingis,
Þórshamri, Templarasundi 5,
101 Reykjavík
Sími: 510-6700

**Gjaldfrjálst símanúmer:
800-6450**

Bréfasími: 510-6701

Netfang:

postur@umb.althingi.is

Vefsíða: [http :](http://www.umbodsmadur.is)

www.umbodsmadur.is

Skrifstofa umboðsmanns Alþingis
er opin á virkum dögum
frá kl. 09:00 - 15:00

Fangelsisreglur

Nr. 54 10. janúar 2012

REGLUR

fangelsa.

1. gr.

Vinna og nám.

Eftir að fangi hefur afplánun skal hann starfa að þeim verkefnum sem honum eru falin, enda sé hann talinn vinnufær að mati læknis og að því tilskildu að verkefni séu fyrir hendi í fangelsinu. Vinnuskylda er alla virka daga nema laugardaga. Reglulegt nám getur komið í stað vinnu.

2. gr.

Framkoma fanga.

Fanga ber að koma kurteislega fram við starfsfólk fangelsisins og hlýða fyrirmælum þess. Fanga er óheimilt að hindra fangaverði eða aðra starfsmenn í að gegna skyldustörfum sínum. Einnig er óheimilt að sýna fólki sem á lögmæt erindi í fangelsið áreitni, ókurteisi eða ofbeldi. Telji fangi sig beittan órétti, getur hann kært það til forstöðumanns fangelsis.

Fanga ber að sýna tillitssemi og kurteisi í umgengni við samfanga sína. Telji fangi sig órétti beittan af samfanga, getur hann kært það til varðstjóra.

Fangi skal ekki hvetja samfanga sína til móthróa við starfsfólk fangelsisins né til þess að brjóta gegn settum reglum.

Fangi skal aldrei beita samfanga eða starfsfólk fangelsisins ofbeldi.

3. gr.

Umgengni.

Fanga ber að halda klefa sínum hreinum og snyrtilegum. Rúmföt skulu vera í þar til gerðri geymslu þegar þau eru ekki í notkun. Hið sama gildir um skó og fatnað. Óheimilt er að hengja myndir, blöð eða aðra muni annars staðar en á þar til gerða töflu í klefanum. Fangi skal ganga snyrtilega um húsnæði og lóð fangelsisins og gæta þess að valda ekki tjóni á eigum þess. Á hverri deild fangelsisins skulu fangar annast sameiginleg þrif og ræstingar sameiginlegs húsnæðis og sjá um að í eldhúsi, matsal og setustofu deildarinnar sé ávallt allt í röð og reglu.

4. gr.

Reykingar.

Reykingar eru bannaðar í öllu húsnæði fangelsisins sem fangar ganga um sameiginlega, en eru leyfðar inni á klefum fyrir luktum dyrum.

5. gr.

Búnaður.

Fanga er óheimilt að hindra, breyta eða trufla starfsemi búnaðar í fangelsinu, svo sem myndavéla, hljóð- og kallkerfa, loftræstikerfa og annarra lagnakerfa.

6. gr.

Hávaði.

Fanga ber að takmarka hávaða frá útvarpi, sjónvarpi eða öðrum hljómtækjum eins og mögulegt er. (Æskilegt er að nota heyrnartól.)

7. gr.

Símanotkun.

Við notkun á síma í fangelsinu skal fangi viðhafa almenna kurteisi. Hvers konar misnotkun á síma er óheimil. Með misnotkun er meðal annars átt við að fangi noti síma í þeim tilgangi að ógna eða hóta einstaklingum líkamsmeiðingum eða skemmdum á eigum eða hafi í frammi orðalag sem er til þess fallið að hræða viðkomandi.

Nr. 54 10. janúar 2012

8. gr.
Vímuefni, lyf, ólöglegir munir o.fl.

Fanga er óheimilt að afla sér, veita viðtöku eða aðstoða aðra fanga við að komast yfir hvaðeina sem bannað er að nota í fangelsinu svo sem fíkniefni, áfengi, síma og önnur fjarskiptatæki, áhöld, verkfæri og lyf, önnur en þau sem ávísað er af fangelsislæknum og taka ber á lyfjatíma. Söfnun lyfja er óheimil þ.e. lyf sem ætluð eru til inntöku á tilsettum lyfjatímum er óheimilt að geyma til inntöku síðar. Fanga er bannað að hafa í vörslu sinni hvers kyns muni sem raskað geta ró, reglu eða öryggi í fangelsi. Fanga er óheimilt að klæðast fatnaði sem raskað getur ró, reglu eða öryggi í fangelsi. Fanga er bannað að hafa í vörslu sinni efni sem inniheldur barnaklám, kynferðisathafnir er tengjast ofbeldi eða tilburði til slíks með mönnum eða dýrum, hvers kyns klámmyndir og annað efni er sýnir afbrigðilegt kynlíf. Óheimilt er að færa inn á fangaklefa nokkuð það sem tilheyrir sameiginlegum vistarverum fanga, svo sem úr setustofu eða matsal.

[8. gr. a.
Fangaklefar.

Föngum í lokuðum fangelsum er óheimilt að fara inn á fangaklefa annarra fanga. Forstöðumaður getur í samráði við Fangelsismálastofnun vikið frá reglunni ef sameiginlegt rými í fangelsinu er ekki fullnægjandi eða aðrar ástæður mæla með því.]¹⁾

¹⁾ Reglur 355/2014, 1. gr. (öðluðust gildi 15/4 2014.

9. gr.
Strok.

Fanga er óheimilt að fara burt af fangelsissvæðinu nema að fengnu leyfi fangelsisyfirvalda eða í fylgd fangavarda. Reyni fangi að dyljast innan fangelsissvæðisins á hann á hættu að vera beittur agaviðurlögum sem um strok væri að ræða.

10. gr.
Tjón á lausafé og fasteignum ríkisins.

Fangi er ábyrgur fyrir því tjóni sem hann veldur á lausafé og fasteignum ríkisins og verður haldið eftir af þóknun hans eða dagpeningum til greiðslu skaðabóta.

11. gr.
Reglur.

Fangi skal í einu og öllu fara að settum lögum um fullnustu refsinga og reglugerðum settum samkvæmt þeim, svo og öðrum reglum sem kunna að verða settar af fangelsisyfirvöldum.

12. gr.
Brot á reglum.

Brot gegn ofanskráðum reglum varða viðurlögum skv. 56. og 57. gr. laga nr. 49, 17. maí 2005 um fullnustu refsinga og geta auk þess m.a. haft áhrif á afgreiðslu beiðna um dagsleyfi, dvöl á Vernd, reynslulausn og rafrænt eftirlit. Einnig getur komið til brottflutnings af deild eða í annað fangelsi við brot á reglum.

13. gr.
Gildistími.

Reglur þessar eru settar af Fangelsismálastofnun ríkisins og byggjast á heimild í 80. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005 og öðlast þær þegar gildi.

Fangelsismálastofnun ríkisins, 10. janúar 2012.

Páll E. Winkel.

B-deild – Útgáfud.: 26. janúar 2012

Almennar reglur um klefabúnað í fangelsinu Litla-Hrauni

1. Búnaður og tæki í eigu fangelsisins

Rúm, dýna, rúmteppi
Rúmfatageymsla
Fataskápur með 3 herðatrjám
Borð
Stóll
Vegghillur (2 samstæður)
Korktafla á vegg

.....
Gluggatjöld

Útvarp (samtengdir hátalarar sem einnig tengjast kallkerfi) hús 4 .

Tæki í hreinlætisaðstöðu (salerni, handlaug, blöndunartæki, spegill .)

2.Leyfilegur búnaður, munir, föt og tæki í eigu fanga

Föt , skófatnaður og sængurföt.
Hreinlætisvörur og snyrtiáhöld
Hitabrúsi
Persónutau/fatnaður 2 x 90 lítrar.
Lestrarefni (takmarkað magn)
Ritföng
Fjölskyldumyndir
Spil, tafl.

3. Tæki sem fangar geta sótt um sérstakt leyfi fyrir

Sambyggð hljómflutningstæki (útvarp, segulband, geislaspilari, hátalarar)
Hámarksstærð samstæðu: Hæð 32 sm. breidd 26 sm, dýpt 30 sm .
Hámarksstærð hátalara: h: 32 sm. \ b: 26sm.\d: 24 sm.
Geisladiskar: CD og/eða DVD samtals að hámarki 150 stk hljóðsnældur hámarksfjöldi 20 stk.
Hulstur skulu vera gegnsæ. Myndbandsspólur hámark 5 stk.
Sjónvarpstæki hámarksstærð 32” flatskjár (21” túba)
Tölva ásamt flatskjá allt að 23”, lyklaborð, prentari, mús og hátalarar
hámarksstærð H: 20 sm. B: 15 sm. D: 15 sm.
Hljóðfæri.
Borðvifta “6 plast
Stóll.

Fangelsið getur breytt kafla 1 eftir því sem þörf krefur.


Rétt þykir að benda sérstaklega á að föngum er óheimilt að hafa inni á klefum sínum aðra hluti en taldir eru upp hér að ofan .

Samkvæmt 62. gr laga nr. 49/2005 getur forstöðumaður fangelsis tekið ákvörðun um að leggja hald á og eftir atvikum gera upptæka muni eða efni sem óheimilt er að koma með, varðveita eða búa til í fangelsi.

Sama gildir um muni eða peninga sem reynt hefur verið að smygla til fanga.

Þessar reglur eru hluti fangelsisreglna frá 01.07.2005.

Á hverri deild er deildarformaður sem er skipaður af verkstjóra.



Deildarformaður skal sjá um eftirtalin verkefni:

Þrif á sameiginlegu rými þ.e. gólfleti í eldunaraðstöðu, setustofu og klefagangi einnig efri og neðriskápa í eldhúsinnréttingu.

Þrif á borðum og gluggum í setustofu og eldhúsi þ.m.t. vinnuborði

Þrif á stólum, sófasetti, sjónvarpstæki, símataeki, ryksugu, kaffivél, eldunarhellu, viftu, örbylgjuofni, kæliskáp, eldunaráhöldum og ræstiskáp.

Umsjón með því að ekki séu skilin eftir matvæli og pakkavara eða mataráhöld á borðum eða skápum, utan matmálstíma.

Umsjón með því að jafnan séu nægar birgðir á deildinni af matvælum sem eldhúsið leggur til, sameiginlegum efnum sem fangelsið leggur til svo sem sápuendum til uppþvotta og hreingerninga, wc pappír og moppum.

Deildarformaður sér um að ná í og skila matarbökkum / matarskjóðu og sér um að losa sorp af deildum / göngum. Skal þetta gert á útivistartímum.

Deildarformaður skal sjá um að tilkynna verkstjóra 1 um allt það sem fer úrskeiðis eða bilar t.d. um allar bilanir á tækum og öðrum búnaði. Skal þetta gert þegar deildarformaður sækir vörur til **verkstjóra 1, f.h.**

Öll auka þrif á deildum, göngum og fangaklefum **ákveður verkstjóri 1.**

Fangar á deildum og göngum eiga sjálfir að þrífa sín mataráhöld og ganga frá eftir sig að lokinni máltíð. Fangar eiga að skila klefum sínum hreinum þegar flutningur milli deilda / ganga er ákveðinn svo og þegar afplánun lýkur .

Tilkynning

Varðandi upplýsingar um heimsóknargesti fanga

Í reglugerð um fullnustu refsinga nr. 961/2005 frá 08.11.2005

segir m.a.:

„8. gr. Eftirlit með heimsóknnum.

Í upphafi afplánunar skal fangi skýra starfsmönnum fangelsis frá því hverjir séu nánustu vandamenn hans. Fangi skal tilkynna starfsmönnum fangelsisins um heimsókn slíkra aðila.

Óski fangi eftir heimsókn annarra en tilkynnt var um í upphafi skal hann að jafnaði tilkynna það með tveggja vikna fyrirvara. Heimilt er að krefja þann er heimsækir fanga um persónuskilríki. „

Ákveðið hefur verið að fangar skrái nöfn og kennitölur heimsóknargesta sinna á lista, allt að 15 nöfnum. Fangar skulu vera búnir að skila listunum 10 dögum eftir móttöku setja skal þá í sama kassa og fangar skila inn umsóknareyðublöðum um heimsóknargesti í dag.

Notification

Regarding Information about Guests of Convicts

In accordance to Regulation no. 961/2005 which stipulates that:

Article 8 Visits Supervision

Convict shall inform prison personnel about who his closest relatives are in the beginning of an expiation.

Convict shall notify prison personnel about visits from that kind of guests.

If a convict requests a visit from someone who was not identified in the beginning of the expiation he shall generally notify prison personnel about the visit with two weeks notice. Prison personnel are authorised to demand that the guest presents credentials.

It has been determined that convicts register the names and social security numbers of their guests, to the extent of fifteen names.

Convicts must submit the list 10 days after receipt in the same box as convicts submit application forms for guests today.

Litla-Hraun
05.03.2010



Fangelsi ríkisins

Upplýsingar um heimsóknaræsti fanga

Í 8. gr. reglugerðar um fullnustu refsinga nr 961/2005 segir:

Í upphafi afplánunar skal fangi skýra starfsmönnum fangelsis frá því hverjir séu nánustu vandamenn hans. Óski fangi eftir heimsókn annarra en tilkynnt var um í upphafi skal hann að jafnaði tilkynna það með tveggja vikna fyrirvara.

Með vísan til framangreinds óska ég eftir því að eftirtaldir einstaklingar fái heimild til að heimsækja mig í fangelsið:

Nafn heimsóknargests	Tengsl	Kennitala heimsóknargests	Útfyllist af starfsmanni		
			Samþykkt:		
			já	nei	(skýring)

Nafn fanga

Kennitala

Dags.

_____/_____/20____
dags. mán. ár**Sé óskað eftir breytingum á listanum taka þær að jafnaði gildi 14 dögum frá því að umsókn berst, ef fangelsið samþykkir viðkomandi heimsóknargest.**

Útfyllist af starfsmanni:

Móttakið dags.:

Yfirfarið dags.:

Móttakið af:

Yfirfarið af:

Fangelsið Litla-Hrauni

Umsókn um vinnu,
berist til verkstjóra



Nafn fanga:..... kt:.....

Menntun:.....

Fyrri störf:.....

Ökuréttindi:.....

Dráttavélaréttindi:.....

Vinnuvélaréttindi:.....

Ég geri mér grein fyrir að verði ég uppvís að fíkniefnaneyslu í fangelsinu getur það leitt til brottvísunar úr starfi ásamt þeim viðurlögum sem fangar almennt sæta vegna agabrota.

Undirskrift umsækjanda

Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi
deildin á Litla-Hrauni

Umsókn um nám,
berist til kennslustjóra

Nafn : kt:

Menntun:

.....

Dagsetning:

Ég geri mér grein fyrir að verði ég uppvís að fíkniefnaneyslu í fangelsinu getur það leitt til brottvísunar úr starfi/námi ásamt þeim viðurlögum sem fangar almennt sæta vegna agabrota.

Undirskrift umsækjanda

Fangelsið Litla-Hrauni
Umsókn um tómstundastarf í húsi 2
(Tómstundastarf fellur niður yfir sumartímann)

Nafn:.....

Tegund tómstundastarfs:.....

Aukahlutir sem ég þarf að hafa við tómstundastarf mitt:

Skilyrði fyrir tómstundastarfi:

Fangar útvegi efni og áhöld sjálfir til tómstundaverkefna sem ekki eru í boði fangelsisins. Hlutir gerðir í tómstundum geymist í tómstundaaðstöðu eða munageymslu fangelsisins. Aðeins fangar með samþykktu umsókn mega vera í tómstundaaðstöðu. Ef mikil þátttaka er í tómstundastörfum, gæti þurft að takmarka aðgang fanga. Reykingar eru bannaðar í og við tómstundaaðstöðu.

Undirritaður fangi samþykkir ofangreind skilyrði.

Viðtakandi: Stjórnstöð verkstjóra á útivistartímum.

Umsókn þessi hefur verið samþykkt og eftirfarandi tímum úthlutað:

Mánudagur	kl.:.....
Þriðjudagur	kl.:.....
Fimmtudagur	kl.:.....
Föstudagur	kl.:.....

Nafn umsjónarmanns:.....

Efnis yfirlit

Upphaf vistunar á Litla-Hrauni.....	01
Heimsóknir	01
Rauða kross heimsóknir.....	02
Sendingar til fanga.....	02
Símtöl.....	02
Viðtöl.....	02
Grunnmynd	03
Sálfræðiþjónusta.....	04
Læknaþjónusta.....	04
Hjúkrunarfræðingur	04
Reglur um tannviðgerðir og kostnað þeirra.....	04
Útivist fanga.....	05
Verslun	05
Bókasafn.....	05
Þvottur.....	05
Reykingar.....	05
Opnun og lokun fangaklefa.....	05
Lög og reglur.....	05
Fangaprestur	06
Vernd fangahjálþ.....	06
Fyrirkomulag á aðgengi að billiardborði í húsi 4	06
Upplýsingar um umboðsmann Alþingis.....	06
Húsreglur fyrir fanga á Litla-Hrauni	07
Almennar reglur um klefabúnað í fangelsinu Litla-Hrauni.....	09
Upplýsingar um deildarformann	10
Upplýsingar fengnar hjá fanga við komu í fangelsið	11
Tilkynning um heimsóknir til afplánunarfanga nr. 119/1990 segir í 12 grein: ...	12
Umsókn um vinnu	13
Umsókn um nám	14
Umsókn um tómstundastarf.....	15
Prison Rules	17
Viðauki 01	Varðandi einelti í fangelsum
Viðauki 02	Skýringablað með þvotta nótu
Viðauki 03	Lög um fullnu stu refsinga.
Viðauki 04	Reglugerð um fullnustu refsinga.



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

No. 54

January 10th 2012

Prison rules

Articel 1

Work and education

After they begin serving their sentences, prisoners shall work at the tasks assigned to them, providing they are considered fit for work in the opinion of a physician and that there is work to be done in the prison. The obligation to work shall apply on all working days, Saturdays excluded. Regular studies may replace work.

Article 2

Prisoner's behaviour

Prisoners are expected to treat prison staff politely and to obey their instructions. Prisoners may not obstruct prison warders or other members of the staff in carrying out their duties. Nor may they behave in a provocative, impolite or violent manner towards persons who have legitimate business in the prison. Any prisoner who considers he or she has been treated unfairly may complain to the prison governor.

Prisoners are expected to show consideration and good manners in their dealings with other prisoners. Any prisoner who considers he or she has been treated unfairly by another prisoner may complain to the senior duty officer.

Prisoners may not incite other prisoners to resist action taken by the prison staff or to violate rules that have been set.

At no time shall prisoners use violence against other prisoners or the staff of the prison.

Article 3

Domestic habits

Prisoners are expected to keep their cells clean and tidy. Bedclothes shall be kept in the storage closet when not in use. The same applies to shoes and clothes. Pictures, papers and other items may only be put up on the boards provided in the cells. Prisoners shall treat the buildings and grounds well and ensure that they do not cause damage to prison property. In each department within the prison, the prisoners shall attend to the cleaning of the common parts of the accommodation and ensure that the kitchen, canteen and sitting room in the department are tidy at all times.

Article 4

Smoking

Smoking is prohibited in all parts of the prison buildings that are used jointly by prisoners, and is permitted only in the cells with the door closed.



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Article 5 *Equipment*

Prisoners may not obstruct, alter or interfere with the functioning of equipment in the prison such as cameras, sound and intercom systems, air-conditioning systems and other conduit systems.

Article 6 *Noise*

Prisoners are expected to limit noise disturbance from radios, televisions and other sound equipment as far as possible. (It is desirable that they use headphones.)

Article 7 *Telephone usage*

Prisoners shall observe ordinary good manners when using the telephone in the prison. Improper use of all types is prohibited. "Improper use" here includes, for example, the use of the telephone by a prisoner to threaten to use physical violence against individuals or to damage property, and saying things intended to frighten those involved.

Article 8 *Narcotics, addictive drugs, illegal objects etc.*

Prisoners may not acquire, accept or assist other prisoners to gain possession of any item that is prohibited in the prison, including narcotic and addictive drugs, alcohol, implements, tools and pharmaceuticals other than those that are prescribed by the prison physician and are to be taken at dosage times. Saving up pharmaceuticals, i.e. pharmaceuticals intended to be taken at specific dosage times, for taking at later times, is prohibited.

Prisoners are prohibited to have in their possession any objects that will disrupt the peace, order or security in the prison.

Prisoners are prohibited to wear clothing that will disrupt the peace, order or security in the prison.

Prisoners are prohibited to have in their possession material containing child pornography or portraying sexual activities connected with violence, or attempts at such involving persons and animals and other materials depicting abnormal sexual acts.

Items belonging to the common areas used by prisoners, e.g. the sitting room or the canteen, may not be taken into the cells.

Article 9 *Escape*

Prisoners may not leave the prison area without obtaining the permission of the prison authorities, or else accompanied by prison warders. Any prisoner who attempts to hide within the prison area is liable to face the same sort of disciplinary action as would be taken in the event of an escape.



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Article 10

Damage to chattels and property

Prisoners are responsible for any damage that they cause to chattels and property belonging to the state, and deductions will be made from their wages or daily allowances to cover such damages.

Article 11

Rules

Prisoners shall comply in all respects with the legislation and regulations regarding Execution of Sentences and also other rules that may be set by the prison authorities.

Article 12

Violations of the rules

Violations of the above rules are punishable under Articles 56 and 57 of the Application of Sentences Act, No. 49 of 17 May 2005, and may also have an effect on response to their requests for day-passes and/or probationary releases. Violation of these rules may also result in a transfer from the department.

Article 13

Effectiveness

These rules are issued by the Icelandic Prisons and Probation Administration under Article 80 of the Application of Sentences Act, No. 49/2005, and take effect immediately.

Icelandic Prisons and Probation Administration, January 10th 2012

Páll E. Winkel (sign.)

Changes:

[8. gr. a.

Prison cells.

Prisoners in closed prisons are not allowed to enter the cell of another prisoner. The Prison Governor can, after consulting the Prison and Probation Administration depart from this rule if the joint space in prison is not adequate or other reasons recommend it. ¹⁾

¹⁾ Rules 355/2014, 1. par. (entered into force 15/4 2014).

Viðaukar

- 1 *Einelti í fangelsum*
- 2 *Vímuefnalausdeild við fangelsið á Litla-Hrauni*
- 3 *Bréf frá Valtý Sigurðssyni um viðbrögð vegna eineltis*
- 4 *Lög nr. 49 17. maí 2005. Lög um fullnustu refsinga*
- 5 *Reglugerð um fullnustu refsinga, frá 9. nóvember 2005*
- 6 *Þann 1. október 2011, tóku gildi lög nr. 129/2011 um breytingu á lögum um fullnustu refsinga nr. 49/2005 (rafrænt eftirlit, samfélagsþjónusta).*

Í FANGELSINU Á LITLA-HRAUNI ER STARFRÆKT VÍMUEFNALAUS DEILD

Á Litla-Hrauni er meðferðardeild .

Þar sem 11 vistmenn vistast .

Tilgangur deildarinnar er eftirfarandi:

Að einstaklingar, sem vilja halda sér frá vímuefnaneyslu, fái tækifæri til að dveljast á deild þar sem það er yfirlýstur vilji allra, sem þar eru, að nota ekki vímuefni.

Að einstaklingar, sem dveljast á vímuefnalausri deild, fái stuðning og aðhald við að halda sér frá vímuefnum.

Aðhald og stuðningur slíkrar deildar felst fyrst og fremst í því að veitt verður fræðsla og stuðningur varðandi málefni sem tengjast vímuefnaneyslu sem og erfiðleika sem fylgja oft í kjölfar slíkrar neyslu. Eins verður þeim gefið tækifæri til að takast á við stutt hagnýt verkefni. Fræðsla þessi verður einkum í höndum starfsmanna deildanna og FMS.

Haldnir verða sérstakir AA fundir fyrir þá sem eru á deildinni.

Allir fangar eiga kost á því að sækja um að komast á fyrirhugaða deild en sérstök inntökuskilyrði gilda (sjá blað um inntökuskilyrði). Gert er ráð fyrir því að hver og einn, sem kemur á deildina, sé á henni í u.þ.b. 3 mánuði. Að þeim tíma loknum er staða hans metin og tekin ákvörðun um framhaldið.

Umsjónarfólk deildarinnar mun sjá um val á deildina.

INNTÖKUSKILYRÐI FYRIR VISTUN Á VÍMUEFNALOUSRI DEILD FANGELISISINS Á LITLA- HRAUNI OG REGLUR SEM ÞAR GILDA

Eftirfarandi skilyrði gilda fyrir inntöku á deildina:

- Umsækjandi þarf að skila inn þvagprufu áður en hann flyst á deildina.
- Umsækjandi þarf að skila inn umsókn á þar til gerðu eyðublaði til að komst inn á deildina.
- Umsækjandi þarf að samþykkja skriflega að fara að reglum deildarinnar meðan hann dvelst þar.
- Umsækjandi skal stunda þá AA-fundi sem eru í boði fyrir deildina.
- Umsókn á deild þarf að vera staðfest og samþykkt af umsjónarfólki deildarinnar.

Eftirfarandi sérreglur gilda á deildinni:

- Ætlast er til að þátttakendur stundi vinnu og/eða nám á meðan þeir dveljast á deildinni.
- Þátttakendum er skylt að taka þátt í öllum sameiginlegum verkefnum.
- Þátttakendur leggja sitt af mörkum til að stuðla að góðum samskiptum við samfanga og starfsmenn.
- Eineltishegðun verður ekki liðin á deildinni.
- Óskað verður eftir því, að þeir, sem dveljast á deildinni, gefi leyfi til að upplýsingar um árangur og framvindu þeirra megi nota í rannsóknarskyni, enda falli rannsóknin undir lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
- Þátttakendur mega búast við því að þurfa gefa þvagsýni oftar en gengur og gerist í fangelsinu.
- Almennar húsreglur fangelsisins gilda einnig á vímuefnalausri deild.
- Bannað er að stunda fjárhættuspil s.s. poker á deildinni.
- Halda skal klefa snyrtilegum og hreinum s.s. að búa um rúm á hverjum morgni.
- Sameign skal vera hrein og snyrtileg á öllum stundum.

Brot á ofangreindum reglum getur leitt til brottrekstrar af deildinni

UMSÓKN AÐ VÍMUEFNALAUSRI DEILD LITLA - HRAUNS

ÉG, _____ KT: _____

ÓSKA EFTIR VISTUN Á VÍMUEFNALAUSRI DEILD
LITLA HRAUNS. ÉG HEF KYNNT MÉR STARFSEMI
DEILDARINNAR SEM OG REGLURNAR SEM ÞAR
GILDA OG ER REIÐUBÚINN TIL AÐ TAKA FULLAN
ÞÁTT Í ÞEIRRI STARFSEMI SEM ÞAR FER FRAM.

UNDIRSKRIFT OG DAGSETNING



Reykjavík 15. september 2004.

Frá því ég kom til starfa sem forstjóri Fangelsimálastofnunar hafa mér iðulega borist ábendingar og kvartanir frá tilteknum föngum, aðstandendum og lögmönnum um einelti og ofbeldi sem fangar eru beittir af samföngum í Fangelsinu Litla-Hrauni. Þessi háttsemi beinist aðallega gegn föngum sem dæmdir hafa verið fyrir kynferðisbrot og hefur valdið þeim sérstökum erfiðleikum í refsivistinni. Þannig hafa sumir hverjir veigrað sér við fara út úr klefa sínum nema nauðsyn þyki til svo og að nýta sér þá takmörkuðu útivist og íþróttaaðstöðu sem í boði er. Svo sem nærri má geta veldur slíkt ofbeldi þeim sem fyrir því verða miklum vandræðum og vanlíðan umfram það sem fangavistin leiðir eðlilega af sér. Þá eru aðstandendur fanganna að sjálfsögðu kvíðnir vegna þessa.

Fangar beita sér mjög fyrir bættum aðbúnaði í fangelsum, gera kröfur um að réttindi þeirra séu aukin og að komið sé fram við þá af sanngirni og virðingu. Þetta tel ég allt eðlilegt og fullyrði að af hálfu Fangelsimálastofnunar hafi verið unnið markvisst að því að koma til móts við þessi sjónarmið og um leið að refsivistin verði sem bærilegust miðað við aðstæður. Það skýtur því skökku við þegar einstaka fangar leggja stein í götu þessarar vinnu stofnunarinnar með því að sýna samföngum sínum vanvirðingu og jafnvel beita andlegu og líkamlegu ofbeldi. Um leið vinna þeir markvisst gegn eigin hagsmunum og fanga í heild.


Ég lít framkomu sem þessa alvarlegum augum og mun beita mér fyrir því að koma í veg fyrir að slíkt eigi sér stað. Því verður lögð rík áhersla á að upplýsa málin og eru fangaverðir sérstaklega beðnir um að vera á varðbergi og tilkynna um sérhvert tilvik sem undir þessar athafnir geta fallið. Verði fangi staðinn að slíku broti má hann búast við agaviðurlögum sem hefur að sjálfsögðu áhrif á framvindu hans í refsivistinni og einnig kann málið eftir atvikum að verða kært til lögreglu.

Ég hvet fanga til að hugleiða gaumgæfilega þessi mál og láta af hverslags einelti og ofbeldi gagnvart samföngum sínum.

Með kveðju


Valtýr Sigurðsson

Til fanga í fangelsum ríkisins



Varðandi einelti í fangelsum

Allir hafa þann rétt að verða ekki fyrir einelti af hálfu annarra innan veggja fangelsa. Einelti getur bæði verið andlegt og/eða líkamlegt og hefur oft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Það getur leitt til þess að sá sem fyrir því verður uppplifi kvíða, þunglyndi, vonleysi, finni fyrir skömm og/eða sektarkennd. Fangelsið líður ekki eineltishegðun.


Fangelsiskerfið hefur tileinkað sér aðferðir til að takast á við eineltishegðun og hefur skýra stefnu í þeim málum:

- Einelti í fangelsum er ekki liðið af fangelsiskerfinu þar sem slík hegðun er óásættanleg og andfélagsleg og mun verða brugðist við henni.
- Þeir sem verða fyrir einelti munu hljóta stuðning starfsmanna.
- Einelti snertir alla þá sem eru innan veggja fangelsa og er æskilegt að fangar og starfsmenn leysi vandann í samvinnu.

Rannsóknir hafa sýnt að það er ekkert sem einkennir þá sem leggja aðra í einelti. Allir geta orðið þolendur og/eða gerendur eineltis. Starfsfólk mun hljóta þjálfun í að koma auga á, greina og takast á við eineltishegðun.

Ef fangi verður fyrir einelti eða þekkir einhvern sem verður fyrir einelti getur hann látið varðstjóra vita í trúnaði.

15. september 2004


Valtýr Sigurðsson



PVOTTUR

Date: / /


Name: _____

Number: _____

- | | | |
|----------------------------------|----|-----|
| Bosur = Trousers/J Jeans. | 1. | stk |
| Handklach = Towels. | 2. | stk |
| Jogging bosur = Jogging bottoms. | 3. | stk |
| Bolur = T-shirt. | 4. | stk |
| Peysur = Jumper. | 5. | stk |
| Skjorthir = Shirt. | 6. | stk |
| Nærbosur = Underwear. | 7. | stk |
| Sokkur = Socks/a pair. | 8. | por |
| Annad = Other clothing. | | stk |
| Annad = Other | | stk |

Signature: _____

1857



Þingskjal 1311, 131. löggjafarþing [336. mál](#): fullnusta refsinga.
Lög nr. 49 17. maí 2005.

Lög um fullnustu refsinga.

I. KAFLI

Stjórn og skipulag fangelsismála.

1. gr.

Yfirstjórn fangelsismála.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn fangelsismála.

2. gr.

Hlutverk fangelsismálastofnunar.

Fangelsismálastofnun sér um fullnustu refsinga og önnur verkefni í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Fangelsismálastofnun hefur umsjón með rekstri fangelsa.

3. gr.

Vistun í fangelsi.

Í fangelsi er sá vistaður sem dæmdur er til fangelsisrefsingar, afplánar vararefsingu fêsektar eða sætir gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldsfanga má vista meðal afplánunarfanga ef einangrun telst ekki nauðsynleg. Í sérstökum tilvikum má um skemmri tíma vista afplánunarfanga í fangageymslum lögreglu. Heimilt er, ef aðstæður leyfa, að vista gæsluvarðhaldsfanga í skamman tíma í fangageymslum lögreglu, þó ekki lengur en í fjóra sólarhringa, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

4. gr.

Forstjóri fangelsismálastofnunar.

Ráðherra skipar forstjóra fangelsismálastofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri skal vera lögfræðingur. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

5. gr.

Forstöðumaður fangelsis.

Ráðherra skipar forstöðumann fangelsis til fimm ára í senn. Heimilt er að fleiri en ein stofnun heyri undir sama forstöðumann

6. gr.

Fangaverðir.

Forstjóri fangelsismálastofnunar skipar fangaverði til fimm ára í senn. Áður en fangavörður er skipaður skal hann hafa lokið prófi frá Fangavardaskóla ríkisins. Forstöðumaður fangelsis ræður aðra starfsmenn.

Fangaverðir mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

Ríkissjóður skal bæta fangavörðum líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

7. gr.

Heimild til valdbeitingar.

Starfsmönnum fangelsa er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna ef það telst nauðsynlegt til:

1. að koma í veg fyrir stök,
2. að verjast yfir vofandi árás, yfirbuga grófa mótspyrnu, að hindra að fangi skaði sjálfan sig eða aðra og til að koma í veg fyrir skemmdarverk,
3. að framkvæma fyrirskipaðar aðgerðir sem þörf er á að framkvæma þegar í stað og fangi hafnar eða lætur ógert að fylgja fyrirmælum um.

Valdbeiting getur falist í líkamlegum tókum eða beitingu viðeigandi varnartækja.

Kalla skal til lækni eftir valdbeitingu ef grunur er um að hún hafi valdið skaða, ef um sjúkdóma er að ræða eða ef fangi óskar sjálfur lækniaðstoðar.

8. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmönnum fangelsismálastofnunar, fangavörðum og öðrum sem starfa í fangelsum ber þagnarskylda um atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Þagnarskyldan tekur til upplýsinga um einkahagi fanga og þeirra sem þeim tengjast og sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga er varða öryggi fangelsa og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

II. KAFLI

Fullnusta óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga o.fl.

9. gr.

Almennt.

Fangelsismálastofnun tekur við refsisdómum til fullnustu frá ríkissaksóknara.

10. gr.

Tilkynning um afplánun.

Óskilorðsbundna fangelsisrefsingu skal fullnusta þegar eftir að dómur berst fangelsismálastofnun.

Nú er dómþoli ekki þegar í fangelsi og skal fangelsismálastofnun þá tilkynna honum bréflega, með sannanlegum hætti, og að minnsta kosti með þriggja vikna fyrirvara hvenær og hvar honum ber að mæta til afplánunar. Mæti dómþoli ekki til afplánunar á tilskildum tíma felur fangelsismálastofnun lögreglu að handtaka hann og færa í fangelsi. Komi dómþoli sér hjá því að mæta til afplánunar kann það að hafa áhrif á framgang afplánunar.

Nú er dómþoli í gæsluvarðhaldi og skal hann þá þegar hefja afplánun refsingarinnar nema rannsóknarhagsmunir bjóði annað. Afpláni dómþoli aðra fangelsisrefsingu skal síðari fangelsisrefsingin afplánuð í beinu framhaldi.

Heimilt er að láta dómþola hefja afplánun án boðunar eða áður en afplánun á að hefjast samkvæmt boðun fremji hann refsiverðan verknað á ný, hætta er talin á að hann reyni að koma sér undan refsingu eða almannahagsmunir mæla með því.

Nú óskar dómþoli eftir að hefja afplánun refsingar fyrr en áætlað er og skal þá orðið við slíkri beiðni ef unnt er.

11. gr.

Frestun afplánunar og náðun.

Nú leitar dómþoli eftir því að afplánun verði frestað og er fangelsismálastofnun þá heimilt að veita stuttan frest mæli sérstakar ástæður með því. Slíkur frestur getur ekki orðið lengri en þrír mánuðir í heild. Við mat á því hvort fresta skuli afplánun skal taka mið af alvarleika afbrots dómþola, sakarferli, persónulegum högum hans, hversu langt er um liðið síðan afbrot var framið og öðrum þáttum er máli kunna að skipta. Synja skal um frest ef beiðni er fyrst borin fram eftir að afplánun á að vera hafin samkvæmt boðun.

Nú fer dómþoli fram á náðun af refsingunni og skal þá fresta fullnustu hennar ef hún er ekki þegar hafin þar til slík beiðni er afgreidd, enda hafi beiðnin komið fram eigi síðar en hálfum mánuði áður en afplánun skal hefjast. Beiðni um náðun frestar ekki fullnustu sé dómþoli þegar í afplánun samkvæmt annarri refsingu.

Ekki skal fresta fullnustu vegna itrekaðrar beiðni um náðun nema í nýju beiðninni komi fram veigamiklar upplýsingar sem ekki var unnt að koma á framfæri áður og sérstakar ástæður mæli með að afplánun verði frestað.

Frestur samkvæmt þessari grein er bundinn því skilyrði að dómþoli fremji ekki refsiverðan verknað. Heimilt er að setja frekari skilyrði fyrir veitingu frests.

Nú rýfur dómþoli skilyrði fyrir fresti og getur fangelsismálastofnun þá ákveðið að hann skuli hefja afplánun án fyrirvara. Sama gildir ef dómþoli gefur rangar upplýsingar í beiðni um frestun.

12. gr.

Hlé á afplánun.

Afplánun skal vera samfelld. Þó er heimilt að gera hlé á afplánun ef sérstakar ástæður mæla með því. Hléið skal bundið skilyrði um að aðili gerist ekki brotlegur meðan á því stendur.

Fangi sem lagður er á sjúkrahús telst taka út refsingu meðan hann dvelst þar nema hann hafi sjálfur bakað sér veikindin á ótilhlýðilegan hátt eftir að hann hóf afplánun.

13. gr.

Strok.

Strjúki fangi úr afplánun refsivistar telst tími frá stroki, og þar til fangi er settur í fangelsi á ný, ekki til refsitímans.

14. gr.

Ákvörðun um vistunarstað.

Fangelsismálastofnun ákveður í hvaða fangelsi afplánun skuli fara fram. Við ákvörðunina skal tillit tekið til aldurs, kynferðis og brotaferils fangans og þyngdar refsingar auk þeirra sjónarmiða sem gilda um vistun í hverju fangelsi fyrir sig.

Fangelsismálastofnun getur látið færa fanga milli fangelsa eða frá stofnun til fangelsis. Við slíkan flutning skal, eftir því sem aðstæður leyfa, hafa hliðsjón af búsetu fanga og fjölskyldu hans. Fanga skal tilkynnt fyrir fram um slíkan flutning með minnst sólarhrings fyrirvara og gerð grein fyrir ástæðum flutnings, nema hann teljist nauðsynlegur af öryggisástæðum, vegna heilbrigðis fanga, til að fyrirbyggja ofbeldi, hafi fangi gerst sekur um gróft agabrot, eða fyrir liggi rökstuddur grunur um að fangi hafi fíkniefni eða ólögmaet lyf undir höndum. Fanga er heimilt að láta aðstandendur sína og lögmann vita af flutningi milli fangelsa.

Forstöðumaður fangelsis getur í öryggisskyni eða vegna sérstakra aðstæðna tekið ákvörðun um að flytja fanga á milli deilda og klefa. Ekki er skylt að gefa fanga kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin en gæta skal hagsmuna fangans í því sambandi.

15. gr.

Vistun á sjúkrahúsi o.fl.

Nú er fangi vistaður á sjúkrahúsi um stundarsakir eða allan refsitímann og getur fangelsismálastofnun þá leitað sérfræðiálits um nauðsyn og tilhögun slíkrar vistunar.

Fangelsismálastofnun getur leyft að fangi sé vistaður um stundarsakir eða allan refsitímann á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun. Fangelsismálastofnun getur sett sérstök skilyrði fyrir vistun fanga þar.

16. gr.

Upphaf fullnustu í fangelsi.

Þegar fangi hefur afplánun skal skrá upphafs- og lokadag afplánunar.

Læknir skal skoða fanga við upphaf afplánunar og ef þörf krefur meðan á afplánun stendur. Skrá skal upplýsingar um heilsufar, sjúkrasögu og upplýsingar um persónulega hagi fanga og hverja fangi óskar eftir að haft sé samband við ef þurfa þykir vegna hagsmuna hans. Þá skal taka andlitsmyndir af fanga.

17. gr.

Meðferðar- og vistunaráætlun o.fl.

Við upphaf afplánunar skal afhenda fanga og kynna, á því tungumáli sem hann skilur, samantekt um þær reglur sem um afplánun gilda, um réttindi og skyldur fanga, vinnu og nám sem föngum stendur til boða, reglur viðkomandi fangelsis, hvaða háttsemi varðar agaviðurlögum, um meðferð slíkra mála, upplýsingar um hvert fangi geti skotið ákvörðunum er varða fullnustu refsingarinnar og upplýsingar um heimild til að beina kvörtun til umboðsmanns Alþingis, svo og rétt fanga til að hafa samband við lögmann.

Fangelsismálastofnun skal í samvinnu við fanga gera meðferðar- og vistunaráætlun sem skal endurskoða eftir atvikum meðan á afplánun stendur.

Við upphaf afplánunar skal heimila fanga að tilkynna aðstandendum sínum og lögmanni um afplánunina eins fljótt og auðið er. Þá skal fanga gerð grein fyrir lokum afplánunar og reglum um reynslulausn.

18. gr.

Vinna í fangelsi.

Fanga er rétt og skylt, eftir því sem aðstæður leyfa, að stunda vinnu eða aðra viðurkennda starfsemi í fangelsi.

Forstöðumaður fangelsis ákveður hvaða vinnu fanga er falið að inna af hendi. Við ákvörðun um vinnu fanga skal tekið tillit til aðstæðna hans og óska eftir því sem unnt er.

Fanga er heimilt að útvega sér aðra vinnu en greinir í 1. og 2. mgr. að fengnu samþykki forstöðumanns fangelsis. Forstöðumaður fangelsis getur heimilað fanga að uppfylla vinnuskyldu sína í klefa sínum ef aðstæður leyfa og aðrar ástæður mæla ekki gegn því.

Fangi skal vinna alla virka daga nema laugardaga. Vinna skal að jafnaði innt af hendi frá kl. 8 til kl. 17, þó þannig að daglegur vinnutími verði að jafnaði ekki lengri en átta klukkustundir. Vinnu sem tengist rekstri fangelsis má inna af hendi utan dagvinnutíma.

19. gr.

Nám og starfsþjálfun.

Fangi skal eiga kost á að stunda nám, starfsþjálfun eða taka þátt í annarri starfsemi sem fram fer í fangelsi eftir því sem unnt er og hann telst hæfur til.

Reglubundið nám kemur í stað vinnuskyldu. Hver kennslustund jafngildir einni klukkustund í vinnu.

Stundi fangi ekki nám með eðlilegum hætti getur skólameistari, að höfðu samráði við forstöðumann, ákveðið að víkja fanga úr námi. Fangelsi útvegar og greiðir fyrir kennslubækur vegna náms í fangelsi og eru þær eign fangelsis.

20. gr.

Þóknun og dagpeningar.

Fanga skal greiða þóknun fyrir ástundun vinnu eða náms. Sé ekki unnt að útvega fanga vinnu, eða hann getur samkvæmt læknisvottorði ekki sinnt vinnuskyldu, skal hann fá greidda dagpeninga fyrir þá daga sem hann hefði ella unnið. Fangelsismálastofnun ákveður fjárhæð dagpeninga og skal hún miðast við að fangi eigi fyrir brýnustu nauðsynjum til persónulegrar umhirðu.

Fangi sem á kost á vinnu, eða útvegar sér hana sjálfur, fær ekki dagpeninga. Sama gildir um fanga sem vikið er úr vinnu eða neitar að vinna án gildirar ástæðu.

21. gr.

Greiðsla skaðabóta.

Þóknun fyrir ástundun vinnu eða náms í fangelsi og dagpeninga fanga má taka til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum sem fangi verður ábyrgur fyrir meðan á afplánun stendur, þar á meðal fyrir skuldum sem hann hefur stofnað til við fangelsi. Þó skal ekki heimilt að taka meira en helming af þóknun fanga eða fjórðung af dagpeningum til slíkra greiðslna.

22. gr.

Heilbrigðisþjónusta í fangelsum.

Í fangelsum skulu fangar njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, auk þeirrar sérstöku heilbrigðisþjónustu sem lög og reglur um fanga segja til um. Að höfðu samráði við fangelsismálastofnun sér heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um og ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum.

23. gr.

Dvöl ungbarna í fangelsum.

Eigi kona ungbarn við upphaf afplánunar, eða fæði hún barn í afplánun, má heimila henni í samráði við barnaverndarnefnd að hafa það hjá sér í fangelsi.

24. gr.

Fullnusta utan fangelsis.

Fangelsismálastofnun getur leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis, enda stundi hann vinnu eða nám sem fangelsismálastofnun hefur samþykkt og er liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný, búi á sérstakri stofnun eða heimili sem stofnunin hefur gert samkomulag við og sé þar undir eftirliti.

Fangelsismálastofnun setur nánari reglur um forsendur og skilyrði slíkrar vistunar. Skal fangi samþykkja skriflega skilyrði fyrir vistuninni.

Fangi skal sjálfur greiða gjöld sem slík stofnun eða heimili innheimtir hjá vistmönnum.

25. gr.

Rof á skilyrðum vistunar utan fangelsis.

Þegar fangi stundar ekki þá vinnu eða nám sem var forsenda vistunar utan fangelsis, eða strjúki hann frá stofnun eða heimili, brjóti reglur þess eða rjúfi skilyrði fyrir vistun, getur fangelsismálastofnun ákveðið að hann verði fluttur aftur í afplánun í fangelsi. Sama gildir telji stofnun eða heimili brostnar forsendur fyrir áframhaldandi dvöl fanga þar.

Gefa skal fanga kost á að tjá sig áður en ákveðið er að flytja hann í fangelsi á ný nema brotið sé þess eðlis að flutningur þoli enga bið.

26. gr.

Lok afplánunar.

Fangi sem afplánar óskilorðsbundna fangelsisrefsingu skal látinn laus kl. 8 að morgni þess dags sem afplánun lýkur. Heimilt er að láta fanga lausan á öðrum tíma þegar um brottvisun úr landi er að ræða.

Fangi sem afplánar vararefsingu fésektar skal látinn laus á sama tíma sólarhrings og afplánun hófst.

27. gr.

Samfélagsþjónusta.

Þegar maður hefur verið dæmdur í allt að sex mánaða óskilorðsbundið fangelsi er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta refsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir og mest 240 klukkustundir. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að hluti ólaunuðu samfélagsþjónustunnar skuli felast í viðtalsmeðferð, enda nemi hún aldrei meira en einum fimmta hluta samfélagsþjónustunnar.

Þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn má heildarrefsing samkvæmt dóminum eigi vera lengri en sex mánuðir til að hægt sé að fullnusta refsinguna með samfélagsþjónustu.

Þegar um fangelsisrefsingu er að ræða samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing eigi vera lengri en sex mánuðir til að hægt sé að fullnusta refsinguna með samfélagsþjónustu.

28. gr.

Skilyrði samfélagsþjónustu.

Skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til álita eru:

1. Að dómþoli hafi óskað eftir því skriflega við fangelsismálastofnun eigi síðar en viku áður en hann átti upphaflega að hefja afpláningu fangelsisrefsingar.
2. Að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað.
3. Að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu.
4. Að dómþoli afpláni ekki fangelsisrefsingu eða sæti gæsluvarðhaldi.

Áður en metið er hvort dómþoli teljist hæfur til að gegna samfélagsþjónustu og þ.m.t. hvort líklegt sé að hann geti innt samfélagsþjónustuna af hendi skal fara fram athugun á persónulegum högum hans. Mæti dómþoli ekki til viðtals í þessu skyni skal almennt synja beiðni um samfélagsþjónustu.

Þegar fangelsisrefsing er fullnustuð með samfélagsþjónustu jafngildir 40 klukkustunda samfélagsþjónusta eins mánaðar fangelsisrefsingu. Hafi gæsluvarðhald komið til frádráttar fangelsisrefsingu skal taka tillit til þess við útreikning á fjölda klukkustunda.

29. gr.

Ákvörðun um samfélagsþjónustu.

Fangelsismálastofnun ákveður hvort fangelsisrefsing verði fullnustuð með samfélagsþjónustu og hvaða samfélagsþjónustu dómþoli sinni í hverju tilviki. Sama gildir um á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi en á tími skal þó aldrei vera skemmri en tveir mánuðir.

Þegar skal hafna umsókn um samfélagsþjónustu ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði skv. 1., 2. og 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. Ef sérstakar ástæður mæla með er þó heimilt að víkja frá þeim skilyrðum.

Þegar umsókn er tekin til efnislegrar meðferðar skal fresta fullnustu fangelsisrefsingar þar til ákvörðun um afgreiðslu hennar liggur fyrir, enda fremji dómþoli ekki refsiverðan verknað á þeim tíma.

30. gr.

Skilyrði í samfélagsþjónustu.

Samfélagsþjónusta skal bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að dómþoli gerist ekki sekur um refsiverðan verknað á þeim tíma sem samfélagsþjónusta er innt af hendi.
2. Að dómþoli sæti umsjón og eftirliti fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún ákveður þegar samfélagsþjónusta er innt af hendi.

Auk þess má ákveða að samfélagsþjónusta verði bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að dómþoli hlíti fyrir mælum umsjónaraðila um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og iðkun tómstundastarfa.
2. Að dómþoli neyti ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna.

Heimilt er að krefjast þess að dómþoli undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn skilyrði 2. tölul. Synjun dómþola á slíkri rannsókn gildir sem rof á skilyrðum samfélagsþjónustu.

Áður en fullnusta á fangelsisrefsingu með samfélagsþjónustu hefst skal kynna dómþola ítarlega þær reglur sem gilda um samfélagsþjónustu og staðfesting hans fengin á því að hann vilji hlíta þeim. Sama gildir um viðbrögð við brotum á þessum reglum.

31. gr.

Rof á skilyrðum samfélagsþjónustu.

Nú rýfur dómþoli skilyrði samfélagsþjónustu eða sinnir henni ekki með fullnægjandi hætti og ákveður þá fangelsismálastofnun hvort skilyrðum hennar skuli breytt, hvort tími sem samfélagsþjónusta er innt af hendi skuli lengdur eða hvort refsing skuli afplánuð í fangelsi.

Nú er dómþoli kærður fyrir að hafa framið refsiverðan verknað eða telst ekki lengur hæfur til að gegna samfélagsþjónustu, eftir að ákveðið er að fullnusta fangelsisrefsingu með samfélagsþjónustu, og getur fangelsismálastofnun þá ákveðið að ákvörðun um fullnustu með samfélagsþjónustu verði afturkölluð og að dómþoli afpláni refsinguna í fangelsi.

Þegar rof á skilyrðum samfélagsþjónustu eða meint afbrot er hvorki alvarlegt né ítrekað skal veita áminningu áður en ákveðið er að fangelsisrefsing skuli afplánuð í fangelsi.

Þegar ákveðið er skv. 1. eða 2. mgr. að fangelsisrefsing skuli afplánuð í fangelsi skal reikna tímalengd eftirstöðva út með

hliðsjón af þeirri samfélagsþjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi.

Þegar eftirstöðvar fangelsisrefsingar sem að hluta hefur verið fullnustuð með samfélagsþjónustu eru afplánaðar í fangelsi er heimilt að veita reynslulausn af eftirstöðvunum skv. 63. gr. þannig að helmingur og tveir þriðju hlutar reiknist af óafplánuðum eftirstöðvum refsitímans.

III. KAFLI Réttindi og skyldur fanga.

32. gr.

Vistun í klefa.

Fangi skal vera einn í klefa nema sérstakar aðstæður eða húsrými komi í veg fyrir það og skal fangaklefi vera læstur að næturlagi svo sem nánar er tilgreint í reglum fangelsis. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að klefar séu ólæstir í tilteknum fangelsum eða fangelsisdeildum eða í öðrum tilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með.

33. gr.

Heimsóknir.

Fangi getur fengið heimsóknir í fangelsi, eigi sjaldnar en vikulega eftir aðstæðum í fangelsi.

Forstöðumaður fangelsis getur leyft frekari heimsóknir og hvort fleiri en einn mega heimsækja fanga hverju sinni.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur forstöðumaður ákveðið að heimsóknir tiltekinna manna fari fram undir eftirliti starfsmanns eða í öðrum vistarverum fangelsis, sbr. 34. og 35. gr., eða með því að banna líkamlega snertingu gests og fanga, enda sé ástæða til að ætla að heimsóknin verði misnotuð eða truflri ró, reglu eða öryggi í fangelsi.

Forstöðumaður getur bannað tilteknum mönnum að heimsækja fanga, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um þær ástæður sem í 3. mgr. greinir. Slika ákvörðun skal rökstyðja skriflega.

Fangi getur neitað að þiggja heimsóknir annarra en þeirra sem eiga við hann opinber erindi. Munir eða efni sem gestur hefur meðferðis og sem fanga er óheimilt að hafa í fangelsi skulu vera í vörslum fangelsis meðan á heimsókn stendur.

Heimilt er að leita á þeim sem heimsækja fanga. Leit getur annars vegar verið í ytri fötum og hins vegar líkamsleit, enda samþykki heimsóknargestur það. Samþykki hann það ekki má láta heimsóknina fara fram með öðrum hætti, sbr. 3. mgr., eða synja um hana, sbr. 4. mgr.

34. gr.

Fyrirkomulag heimsókna.

Fangi tekur á móti heimsóknum í heimsóknarherbergi, sé slíkt herbergi til staðar, eða í klefa sínum.

Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið í sérstökum tilvikum að heimsókn til fanga fari fram í öðrum vistarverum fangelsis. Ákvörðun um það skal bókuð og ástæða tilgreind.

Forstöðumanni fangelsis ber að skipuleggja aðstæður þannig að börn geti komið með í heimsóknir og að þeim sé sýnd nærgætni. Þurfi heimsókn að fara fram utan fangelsis vegna hagsmuna barns skal það gert á grundvelli álits barnaverndaryfirvalda eða annarra sérhæfðra aðila.

35. gr.

Eftirlit með heimsóknum.

Heimsóknir til fanga skulu almennt fara fram án eftirlits.

Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið að heimsókn skuli fara fram undir eftirliti ef nauðsynlegt þykir til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað. Slík ákvörðun skal bókuð og rökstudd.

Sá sem heimsækir fanga og fangi sjálfur geta óskað eftir því að fangavörður verði viðstaddur heimsókn.

Heimsókn lögmanns til fanga skal ávallt vera án eftirlits nema lögmaður óski annars.

Heimilt er að rjúfa heimsókn ef það þykir nauðsynlegt til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað.

36. gr.

Símtöl.

Fangi á rétt á símtölum við fólk utan fangelsis á þeim tímum dags sem reglur fangelsis segja til um. Heimilt er að takmarka fjölda símtala hvers og eins og lengd þeirra ef nauðsynlegt reynist til að aðrir fangar fái notið þessa réttar. Símtöl til fanga í öðrum fangelsum eru bönnuð nema með samþykki forstöðumanns.

Heimilt er að hlusta á símtöl fanga ef það telst nauðsynlegt vegna almenns eftirlits, til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi, til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað eða til að vernda þann sem afleiðingar af broti fanga hafa bitnað á og þann sem vitnað hefur gegn fanga.

Ákvörðun um að hlusta á símtal skal tilkynnt fanga fyrir fram og ástæður hennar tilgreindar og bókaðar. Heimilt er að setja það skilyrði að símtalið fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur en ella þýði túlkur samtalið.

Ekki er heimilt að hlusta á símtöl fanga við lögmann, opinberar stofnanir eða umboðsmann Alþingis.

Samkvæmt beiðni réttshafa símanúmers getur forstöðumaður fangelsis ákveðið að ekki verði hringt í símanúmerið úr fangelsi.

Fangi greiðir sjálfur kostnað við símtöl sín önnur en til lögmanns, dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, umboðsmanns Alþingis og fangelsismálastofnunar.

37. gr.

Bréfaskipti.

Fanga er heimilt að senda og taka við bréfum. Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið að opna og lesa bréf til og frá fanga í viðurvist hans til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi, til að fyrirbyggja refsiverðan verknað eða til að vernda þann sem afleiðingar af broti fanga hafa bitnað á og þann sem vitnað hefur gegn fanga. Forstöðumaður getur í sama tilgangi ákveðið að takmarka bréfaskipti fanga við ákveðna aðila eða stöðva sendingu bréfa til og frá fanga. Heimilt er að setja það skilyrði að bréfaskipti fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur en annars verði skjalapýðanda falið að þýða bréf.

Ekki skal skoða bréfaskipti milli fanga og lögmanns, opinberra stofnana eða umboðsmanns Alþingis.

Ákvörðun um að lesa bréf, eða leggja hald á það, skal tilkynnt fanga og ástæður hennar tilgreindar og bókaðar.

Þegar fangelsi útvegar bréfsefni eða umslög má það ekki bera með sér stimpil eða önnur einkenni sem af má ráða að

sendandi sé vistaður í fangelsi.

Fangi skal sjálfur bera kostnað af bréfum sem hann sendir nema til lögmanns, fangelsismálastofnunar, opinberra stofnana eða umboðsmanns Alþingis.

38. gr.

Aðgangur að fjölmiðlum.

Fangi skal að jafnaði eiga kost á að fylgjast með gangi þjóðmála með lestri dagblaða og í gegnum útvarp og sjónvarp. Fangelsismálastofnun ákveður í samráði við forstöðumann fangelsis hvort heimila skuli fjölmiðlaviðtal við fanga. Slíkt skal ekki heimila ef það er andstætt almannahagsmunum eða hagsmunum brotþola.

39. gr.

Útivera og tómstundir.

Fangi á rétt á útiveru og að iðka tómstundastörf, líkamsrækt og íþróttir í frítíma eftir því sem aðstæður í fangelsi leyfa í að minnsta kosti eina og hálfu klukkustund á dag nema það sé ósamrýmanlegt góðri reglu og öryggi í fangelsi.

40. gr.

Erlendir fangar.

Erlendur fangi á rétt á að hafa samband við sendiráð lands síns eða ræðismann þess. Nú er fangi ríkisfangslaus eða flóttamaður og skal fangelsi þá aðstoða hann við að hafa samband við fulltrúa innlendra eða alþjóðlegra stofnana sem gæta hagsmuna slíkra einstaklinga. Erlendur fangi á rétt á tülki þegar honum er gerð grein fyrir réttindum sínum og skyldum í afplánun sé þess þörf. Hann á jafnframt rétt á að hafa samband við lögmann sinn með aðstoð túlks þegar þurfa þykir.

41. gr.

Trúariðkun.

Fangi skal eiga kost á að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags.

42. gr.

Munir í klefa.

Forstöðumaður fangelsis getur leyft fanga, í samræmi við reglur fangelsis, að hafa í klefa sínum eigin tölvu, þó án nettengingar, tölvuprentara, hljómflytningstæki, útvarpstæki, sjónvarpstæki o.fl. Fanga er óheimilt að hafa síma eða önnur fjarskiptatæki í klefa sínum.

Fanga er óheimilt að hafa í vörslum sínum áfengi eða ávana- og fikniefni.

Fanga er heimilt að hafa peninga í fórum sínum eða í klefa sínum, þó ekki hærri fjárhæð en sem svarar þóknun fangans á einum mánuði. Fangi skal eiga kost á því að frekari fjármunir séu geymdir í vörslum fangelsis.

43. gr.

Talsmenn fanga.

Fangar geta kosið sér talsmenn til að vinna að málefnum fanga og til að koma fram fyrir þeirra hönd.

IV. KAFLI

Leyfi úr fangelsi.

44. gr.

Reglubundin dagsleyfi.

Forstöðumaður fangelsis getur að fengnu samþykki fangelsismálastofnunar veitt fanga sem afplánar refsingu reglubundin dagsleyfi til dvalar utan fangelsis til að vera með fjölskyldu sinni eða vinum ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að ljúka afplánun. Slíkt leyfi skal vera 14 klukkustundir að hámarki og skal að jafnaði veitt frá kl. 7 að morgni til kl. 22 að kvöldi sama dags. Heimilt er að lengja leyfið ef fangi á sannanlega um langan veg að fara til heimilis síns.

Í beiðni um leyfi skal fangi upplýsa hvernig hann hyggst verja leyfinu eða hvern hann hyggst heimsækja. Áður en leyfi er veitt er heimilt að leita staðfestingar hjá viðkomandi á því að heimsókn geti átt sér stað.

Leyfi samkvæmt þessari grein kemur fyrst til skoðunar þegar fangi hefur samfellt afplánað þriðjung refsitímans í fangelsi, þó ekki skemmri tíma en eitt ár. Þegar fangi hefur verið samfellt í fjögur ár í fangelsi er heimilt að veita honum slíkt leyfi þótt þriðjungur refsitímans sé ekki liðinn.

Dagsleyfi má veita á ný ef liðinn er einn mánuður frá síðasta leyfi.

Nú fer afplánun fram utan fangelsis skv. 24. gr. og er þá heimilt að setja það skilyrði að fanga skuli ekki veitt dagsleyfi samkvæmt þessari grein.

45. gr.

Ákvörðun um dagsleyfi.

Taka skal tillit til afbrots og sakar- og afplánunarferils þess fanga sem í hlut á við ákvörðun dagsleyfis. Einnig skal taka tillit til hegðunar hans í fangelsi og þess hvort hann hafi notfært sér meðferðarúræði sem til boða hafa staðið í fangelsi.

Nú hefur fangi verið dæmdur í síðasta refsíðomi eða áður fyrir manndráp, ofbeldis- eða kynferðisbrot, meiri háttar fikniefnabrot, brennu eða annað almennt hættubrot, eða auðgunarbrot framið með ofbeldi eða hótun um ofbeldi, og skal þá sýna sérstaka gát við mat á því hvort fanga skuli veitt leyfi til dvalar utan fangelsis. Sama gildir ef mál þar sem viðkomandi fangi er grunaður um eða ákærður fyrir slíkt brot er til meðferðar hjá lögreglu, dómstólum eða ákærvaldi og einnig ef fangi telst sibrotamaður eða hætta er á að hann muni misnota leyfi eða reyna að komast úr landi.

Nú hefur fangi strokið úr afplánun eða gæsluvarðhaldi og skulu þá líða að minnsta kosti tvö ár þar til unnt er að veita fanga slíkt leyfi. Hafi fangi framið refsiverðan verknað í fyrra dagsleyfi eða að öðru leyti misnotað slíkt leyfi skal leyfi eigi veitt fyrr en að minnsta kosti átta mánuðir eru liðnir frá slíku atviki. Nú verður fangi uppvis að neyslu áfengis eða ávana- og fíkniefna eða hann hefur framið agabrot í fangelsi eða utan þess og kemur þá leyfi til dvalar utan fangelsis að jafnaði eigi til greina fyrr en að sex mánuðum liðnum frá slíku atviki.

46. gr.

Skammtímaleyfi.

Forstöðumaður fangelsis getur að fengnu samþykki fangelsismálastofnunar veitt fanga skammtímaleyfi til dvalar utan fangelsis í þeim tilgangi:

1. að heimsækja náinn ættingja eða annan nákominn í fjölskyldu fanga sem er alvarlega sjúkur að fengnu samþykki viðkomandi eða hans nánasta aðstandanda,
2. að vera viðstaddur jarðarför eða kistulagningu náins ættingja eða annars nákomins í fjölskyldu fanga; þó getur fangi verið viðstaddur bæði kistulagningu og jarðarför maka síns, niðja eða foreldris,
3. að vera viðstaddur fæðingu, skírni eða fermingu barns síns,
4. að gæta sérstaklega brýnna persónulegra hagsmuna sinna.

Ekki skal veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. nema fyrir liggi fullnægjandi gögn um þar til greindar aðstæður. Slíkt leyfi skal vera átta klukkustundir að hámarki. Lengja má þann tíma þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, svo sem þegar um langan veg er að fara. Þó skulu skammtímaleyfi aldrei vera lengri en nauðsyn krefur.

Með nánúm ættingja og öðrum nákomnum í fjölskyldu fanga í 1. og 2. tölul. 1. mgr. er átt við maka, sambúðarmaka, niðja, stjúpbörn, fösturbörn, foreldra, tengdaforeldra, systkin, systkinabörn, föður- og móðurforeldra og föður- og móðursystkin.

Forstöðumaður fangelsis ákveður í samráði við fangelsismálastofnun hvernig gæslu á fanganum skuli hagað í leyfinu.

47. gr.

Nám, vinna eða starfsþjálfun utan fangelsis.

Fangelsismálastofnun getur veitt fanga sem afplánar refsingu leyfi til dvalar utan fangelsis til að stunda nám, vinnu eða starfsþjálfun ef það telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að afplánun ljúki. Forstöðumaður fangelsis ákveður í samráði við fangelsismálastofnun hvernig gæslu á fanganum skuli hagað í leyfinu. Slíkt leyfi er að jafnaði ekki veitt fyrr en fangi hefur afplánað þriðjung refsítímans, þó að lágmarki eitt ár. Þegar fangi hefur verið samfellt í fjögur ár í fangelsi er heimilt að veita honum slíkt leyfi þótt þriðjungur refsítímans sé ekki liðinn.

Aður en leyfi til dvalar utan fangelsis skv. 1. mgr. er veitt skal leggja fyrir staðfest stundaskrá og skrifleg staðfesting skóla eða vottorð vinnuveitanda eða þess sem veitir starfsþjálfun um að fangi geti hafið og stundað nám, vinnu eða starfsþjálfun þann tíma sem fyrirhugað er að leyfið gildi. Þá skal gengið úr skugga um að þessum aðilum sé ljóst að um fanga sé að ræða sem afpláni refsingu og þeim gerð grein fyrir reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

48. gr.

Skilyrði í leyfi.

Eftirtalin skilyrði eru fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis:

1. að fangi neyti ekki eða hafi í vörslu sinni áfengi, ávana- og fíkniefni eða önnur lyf sem honum eru ekki ætluð,
2. að fangi fari ekki af landi brott í leyfinu,
3. að fangi geri eða fari ekki annað í leyfinu en samræmist tilgangi þess.

Auk þessa er heimilt að setja eftirtalin skilyrði fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis:

1. að fangi láti í té öndunarsýni við endurkomu í fangelsið eða blóð- og þvagsýni fyrir og eftir leyfið,
2. að fangi gangist undir líkamsleit við endurkomu í fangelsið,
3. að fangi skuli ekki, ef tillit til brotaþola eða nánustu aðstandenda eða eðli eða grófleiki brotsins mæla með, koma á ákveðna staði eða hafa samband við ákveðna menn í leyfinu,
4. að fanginn skuli tilkynna sig til lögreglu eða fangelsismálayfirvalda,
5. að tilteknir einstaklingar sækji fangann og aki honum aftur í fangelsi.

Heimilt er að setja frekari skilyrði fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis.

Tilgreina skal hvenær fanganum er heimilt að yfirgefa fangelsið og hvenær hann skal vera kominn aftur í fangelsið. Fangi skal tilkynna fangelsinu svo fljótt sem auðið er ef slys, sjúkdómur eða önnur sambærileg atvik gera honum ókleift að koma úr leyfinu á tilsettum tíma.

49. gr.

Umsókn um leyfi.

Nú óskar fangi eftir leyfi til dvalar utan fangelsis og skal hann þá sækja um það skriflega til forstöðumanns fangelsis.

Þegar fanga er veitt leyfi til dvalar utan fangelsis skal afhenda honum skírteini sem greinir skilyrði fyrir leyfisveitingunni, hvaða reglur gilda um leyfið að öðru leyti og hverju það varðar að rjúfa skilyrði leyfisins.

Óheimilt er að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis nema hann undirriti skriflega yfirlýsingu um að hann vilji hlíta þeim reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

50. gr.

Kostnaður.

Fangi ber sjálfur kostnað af leyfi til dvalar utan fangelsis. Fangi skal þó ekki bera kostnað af fylgd fangavaraða.

51. gr.

Afturköllun leyfis og rof á skilyrðum þess.

Heimilt er að afturkalla leyfi til dvalar utan fangelsis vegna hegðunar fanga eða annarra atvika sem verða eftir að ákvörðun um leyfi er tekin og áður en leyfi kemur til framkvæmda og hefðu komið í veg fyrir leyfisveitinguna ef þau hefðu þá verið kunn. Sama á við ef rökstudd ástæða er til að ætla að fangi muni misfara með leyfið.

Nú rýfur fangi skilyrði leyfis til dvalar utan fangelsis eða brýtur gegn þeim reglum sem um leyfið gilda og getur þá sá sem leyfið veitti fellt það niður. Slik brot gegn skilyrðum leyfis eða reglum þess geta varðað agaviðurlögum skv. VI. kafla.

V. KAFLI

Leit, líkamsleit og líkamsrannsókn.

52. gr.

Leit í klefa.

Forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun um leit í klefa fanga ef grunur leikur á að þar sé að finna muni eða efni sem:

1. refsivert er að hafa í vörslum sínum,
 2. hafa orðið til við refsiverðan verknað,
 3. smyglað hefur verið inn í fangelsið,
 4. fanga er óheimilt að hafa í vörslum sínum eða í klefa samkvæmt reglum fangelsis.
- Einnig má leita í klefa fanga vegna almenns eftirlits og skoða klefa að öðru leyti þótt skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt. Fangi skal að jafnaði vera viðstaddur leit í klefa. Heimilt er þó að vikja frá þessu skilyrði. Gera skal skýrslu um leitina og þá muni eða efni sem kunna að hafa fundist og fanga er óheimilt að hafa í klefa.
- Fanga skal skýrt frá ástæðum fyrir leit í klefa áður en hún fer fram nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákvörðun um leit í klefa fanga skal tekin með rökstuddri bókun.

53. gr.

Leit á fanga.

Leita má á fanga og í fötum hans við komu í fangelsi, eftir heimsóknir og við almennt eftirlit til þess að koma í veg fyrir að hann hafi í vörslum sínum muni eða efni sem getið er í 1. mgr. 52. gr.

Leit á fanga innanklæða skal gerð af fangelsisstarfsmanni sama kyns.

54. gr.

Líkamsrannsókn.

Forstöðumaður tekur ákvörðun um líkamsrannsókn á fanga ef grunur leikur á að hann hafi falið í líkama sínum muni eða efni sem getið er í 1. mgr. 52. gr. Einnig má taka blóð- og þvagsýni úr fanga ef grunur leikur á að hann hafi neytt áfengis eða ávana- og fíkniefna, við komu í fangelsi og við almennt eftirlit.

Læknir eða hjúkrunarfræðingur annast líkamsrannsókn og töku blóðsýnis.

Nú fer fram líkamsrannsókn og skal gerð skýrsla um tilefni hennar og framkvæmd.

Ákvörðun um líkamsrannsókn á fanga skal taka með rökstuddri bókun.

55. gr.

Stjórnsýslukæra.

Stjórnsýslukæra frestar ekki aðgerðum samkvæmt þessum kafla.

VI. KAFLI

Agabrot, agaviðurlög o.fl.

56. gr.

Agabrot.

Forstöðumaður fangelsis getur beitt fanga agaviðurlögum vegna brota á lögum þessum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra og kveða á um skyldur fanga, enda komi fram að brot á þeim varði agaviðurlögum.

57. gr.

Agaviðurlög.

Agaviðurlög eru eftirtalin:

1. Skrifleg áminning.
2. Svipting helmings þóknunar fyrir ástundun vinnu og náms um ákveðinn tíma.
3. Svipting aukabúnaðar sem sérstakt leyfi þarf fyrir og takmörkun heimsókna, símtala og bréfaskipta.

4. Einangrun í allt að 15 daga.
Aðeins er heimilt að beita einangrun sem agaviðurlögum vegna eftirfarandi brota eða tilrauna til brota:
 1. Stroks.
 2. Smygls í fangelsi, vörslu eða neyslu áfengis, ólöglegra lyfja eða fíkniefna og vörslu vopna eða annarra skaðlegra hluta.
 3. Ofbeldis eða hótunar um ofbeldi gagnvart öðrum föngum eða starfsmönnum fangelsis.
 4. Grófra skemmdarverka.
 5. Annarra grófra eða endurtekinna minni háttar brota.Nú er brot smávægilegt og fangi hefur ekki áður framið agabrot og má þá eingöngu beita skriflegri áminningu. Beita má fleiri en einni tegund agaviðurlaga samtímis. Áður en ákvörðun um agaviðurlög er tekin skulu málsatvik rannsökuð og skal fanga gefinn kostur á að kynna sér fyrirbyggjandi gögn og koma sjónarmiðum sínum um þau á framfæri. Ákvörðun um agaviðurlög skal rökstudd, bókuð og birt fanga í viðurvist vitnis.

58. gr.
Aðskilnaður.

- Heimilt er að aðskilja fanga frá öðrum föngum þegar það er nauðsynlegt:
1. af öryggisástæðum,
 2. vegna yfirvofandi hættu sem lífi eða heilbrigði hans er búin,
 3. vegna hættu á að fangi valdi meiri háttar spjöllum á eignum fangelsis,
 4. til að koma í veg fyrir stök,
 5. til að koma í veg fyrir að fangi hvetji aðra til að brjóta reglur fangelsis,
 6. til að hindra að fangi taki þátt í að útvega sér eða öðrum áfengi, önnur vímuefni eða lyf,
 7. til að afstýra að hann beiti aðra fanga yfirgangi.
- Aðskilnaður skal ekki standa lengur en nauðsyn krefur og aldrei lengur en 24 tíma. Ákvörðun um tímabundinn aðskilnað skal rökstudd og bókuð. Slik ákvörðun sætir ekki kærui.

59. gr.
Vistun í öryggisklefa.

Vista má fanga í öryggisklefa ef nauðsyn krefur til að koma í veg fyrir ofbeldi, hemja ofbeldisfullan móþróa hans eða hindra að hann skaði sjálfan sig eða aðra. Þegar fangi er vistaður í öryggisklefa má nota belti, hanska og fót- og handreimar. Forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun um vistun fanga í öryggisklefa. Vistun í öryggisklefa og aðrar aðgerðir sem beitt er í tengslum við hana skulu aldrei standa lengur en samræmist tilgangi vistunar og beitingu annarra aðgerða. Ákvörðun um vistun í öryggisklefa skal rökstudd og bókuð. Þá skal ákvörðunin birt fanganum í viðurvist vitnis þegar aðstæður leyfa.

60. gr.
Læknisskoðun.

Þegar einangrun skv. 57. gr. eða aðskilnaði skv. 58. gr. er beitt, eða fangi settur í öryggisklefa skv. 59. gr., skal kalla til lækni til að skoða fanga. Ef unnt er skal læknir skoða fanga í einangrun eða öryggisklefa daglega.

61. gr.
Málsmeðferð.

Ákvarðanir um agaviðurlög skv. 57. gr. og vistun í öryggisklefa skv. 59. gr. sæta kærui til dómsmálaráðuneytisins og skal skýra fanga frá því um leið og ákvörðun er birt. Þegar ákvörðun er kærð skulu gögn málsins þegar send ráðuneytinu. Ráðuneytið skal taka ákvörðun innan fjögurra virkra daga frá því að kærui barst, ella fellur hin kærða ákvörðun úr gildi. Berist kærui utan afgreiðslutíma ráðuneytisins telst hún hafa borist því við upphaf næsta virka dags.

62. gr.
Haldlagning og upptaka.

Forstöðumaður fangelsis getur tekið ákvörðun um að leggja hald á og eftir atvikum gera upptæka muni eða efni sem

óheimilt er að koma með, varðveita eða búa til í fangelsi. Sama gildir um muni eða peninga sem reynt hefur verið að smygla til fanga. Ekki er þó heimilt að gera upptæka eign grandlauss þriðja manns.

Forstöðumaður fangelsis getur einnig tekið ákvörðun um upptöku muna eða peninga sem finnast innan fangelsis ef ekki er vitað hver er eigandi þeirra.

VII. KAFLI **Reynslulausn.**

63. gr.

Skilyrði reynslulausnar.

Þegar fangi hefur afplánað tvo þriðju hluta refsítímans getur fangelsismálastofnun ákveðið að hann skuli látinn laus til reynslu.

Heimilt er að veita þeim fanga, sem ekki afplánar refsingu fyrir alvarlegt eða að öðru leyti gróft afbrot, lausn til reynslu þegar helmingur refsítímans er liðinn. Þá er heimilt að veita fanga lausn til reynslu þegar helmingur refsítímans er liðinn, þrátt fyrir að hann afpláni refsingu fyrir alvarlegt eða að öðru leyti gróft afbrot, ef mjög sérstakar persónulegar ástæður mæla með því og framkoma og hegðun fanga í refsivistinni hefur verið með ágætum. Sama gildir liggi fyrir ákvörðun Útlendingastofnunar um að fanga verði vísað úr landi að afplánun lokinni. Nú hefur fangi tvívegis eða oftar afplánað fangelsisrefsingu og verður honum þá ekki veitt reynslulausn samkvæmt þessari málsgrein nema sérstakar ástæður mæli með.

Fanga, sem á mál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað, verður að jafnaði ekki veitt reynslulausn, enda sé málið rekið með eðlilegum hætti og dráttur á því ekki af völdum fangans.

Fanga, sem telst vera síbrotamaður eða sem ítrekað hefur verið veitt lausn til reynslu og rofið skilyrði hennar, skal ekki veitt reynslulausn á ný nema sérstakar ástæður mæli með. Sama gildir þegar reynslulausn telst óráðleg vegna haga fangans eða með tilliti til almannahagsmuna, svo sem þegar hann hefur sýnt af sér mjög ámælisverða hegðun í afplánun eða er talinn hættulegur öðrum samkvæmt mati fagaðila. Nú er fanga synjað um reynslulausn samkvæmt þessari málsgrein og skal þá kynna honum hvaða skilyrði hann þurfi að uppfylla svo að unnt sé að endurskoða ákvörðunina.

Það er skilyrði reynslulausnar að fangi lýsi því yfir að hann vilji hlíta þeim skilyrðum sem sett eru fyrir reynslulausn. Þegar fangi fær lausn til reynslu skal afhenda honum skírteini er greini skilyrði fyrir reynslulausn og hverju skilorðsrof varði.

Þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn verður reynslulausn ekki veitt. Sama gildir þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar.

Nú hefur dómþoli ekki hafið afplánun og er þá heimilt að veita honum reynslulausn af refsingunni ef hann hefur áður afplánað að minnsta kosti jafnlanga refsingu og refsingin er einvörðungu vegna afbrota sem framin eru fyrir þá afplánun og hann hefur ekki verið dæmdur fyrir afbrot framin eftir að þeirri afplánun lauk. Sama gildir ef dómþoli hefur þegar hafið afplánun.

64. gr.

Skilyrði á reynslutíma.

Reynslutími skal vera allt að þremur árum. Nú er óafplánað fangelsi lengra en þrjú ár og má þá ákveða reynslutíma allt að fimm árum.

Það er skilyrði reynslulausnar að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Auk þess má ákveða að reynslulausn verði, allan eða nánar tiltekinn hluta reynslutímans, bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að aðili sé háður umsjón og eftirliti fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún ákveður.
2. Að aðili neyti ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna.
3. Að aðili hlíti fyrirmælum umsjónaraðila um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og iðkun tómstundastarfa.
4. Að aðili sæti sérstakri meðferð innan eða utan stofnunar. Vistun á stofnun getur þó ekki staðið lengur en til loka refsítíma.

Fangelsismálastofnun tekur ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. og getur vegna breyttra ástæðna fellt skilyrði niður að nokkru leyti eða öllu.

Nú sætir aðili skilyrði skv. 2. tölul. 2. mgr. og er þá heimilt að krefjast þess að hann undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn skilyrðinu.

65. gr.

Skilorðsrof.

Nú fremur maður nýtt brot eftir að hann hlýtur reynslulausn og rannsókn hefst hjá lögreglu gegn honum sem sakborningi fyrir lok reynslutíma, og ákveður þá dómstóll sem fjallar um mál þetta refsingu í einu lagi fyrir brot það sem nú er dæmt um og svo með hliðsjón af fangelsisrefsingu sem óafplánað er samkvæmt reglum 60. gr. almennra hegningarlaga þannig að fangelsi samkvæmt eldra dómi er virt með sama hætti og skilorðsdómur.

Að kröfu ákæranda getur þó dómstóll úrskurðað að maður, sem hlotið hefur reynslulausn, skuli afplána eftirstöðvar refsingar ef hann á reynslutíma rýfur gróflega almennt skilyrði reynslulausnar, enda liggi fyrir sterkur grunur um að hann hafi framið nýtt brot sem varðað getur sex ára fangelsi eða að brotið varði við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Við meðferð slíkrar kröfu skal dómari skipa honum verjanda að ósk hans og fara með málið eftir 1. mgr. 105. gr. laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á. Heimilt er að kæra úrskurð dómara skv. 1. málsl. til Hæstaréttar og skal við

meðferð kærumsálsins farið eftir reglum XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á. Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar. Dómari skal víkja sæti eftir útgáfu ákæru ef hann hefur áður úrskurðað mann, sem ákærður er í málinu, skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Rjúfi maður skilorð að öðru leyti getur fangelsismálastofnun ákveðið hvort breytt skuli skilyrðum og reynslu- og/eða tilsjónartími lengdur allt að lögmæltu hámarki hans eða hann taki út refsingu sem eftir stendur.

Nú er ekki tekin ákvörðun um að maður afpláni fangelsisrefsingu sem hann átti ólokið, sbr. 1.–3. mgr., og telst refsingu þá fullnægt á því tímamarki sem hann fékk reynslulausn.

Nú er ákveðið að láta mann taka út eftirstöðvar fangelsisrefsingar, sbr. 2. og 3. mgr., og má þá veita reynslulausn á ný þótt eigi sé fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. 63. gr. Í þessu tilviki gilda ákvæði 64. gr. um reynslutíma en þó þannig að dreginn skal frá sá tími sem hann hefur notið reynslulausnar áður.

Nú er maður sem sætt hefur nokkrum hluta fangelsisrefsingar náðaður skilorðsbundið, og er þá heimilt að setja honum þau skilyrði að hann hlíti ákvæðum 1.–4. mgr.

VIII. KAFLI

Skilorðsbundnar refsingar.

66. gr.

Tilhögun eftirlits.

Þegar mælt er fyrir um eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða fá náðun fer fangelsismálastofnun með eftirlitið eða felur það öðrum.

Nú hefur aðila verið sett skilyrði um dvöl á hæli skv. 4. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga og getur fangelsismálastofnun þá vegna breyttra ástæðna fellt skilyrðið niður að nokkru leyti eða öllu, að fengnum tillögum forstöðumanns hælis, ef því er að skipta.

67. gr.

Veiting upplýsinga.

Fangelsismálastofnun gerir dómþola grein fyrir því hvað felist í því að sæta eftirliti. Dómþola ber að upplýsa fangelsismálastofnun um hagi sína og ber að hlíta því sem fyrir hann er lagt af hálfu fangelsismálastofnunar.

68. gr.

Sértæk skilyrði.

Nú hefur aðila verið sett skilyrði um að neyta ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna og getur þá fangelsismálastofnun krafist þess að dómþoli undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn skilyrðinu.

69. gr.

Rof á skilyrðum.

Telji fangelsismálastofnun að sá sem sætir eftirliti hafi rofið skilyrði þau sem honum var gert að hlíta með dómi eða ákærufrestun skal fangelsismálastofnun gera lögreglu og ákærvaldi viðvart.

Eftirliti fangelsismálastofnunar með því að dómþoli haldi sérstök skilyrði samkvæmt dómi eða ákærufrestun lýkur þegar opinber rannsókn á meintum skilorðsrofum dómþola hefst hjá lögreglu. Falli rannsókn hjá lögreglu niður hefst eftirlit fangelsismálastofnunar samkvæmt þessari grein að nýju.

IX. KAFLI

Fullnusta fésekta, innheimta sakarkostnaðar og framkvæmd upptöku.

70. gr.

Innheimta sekta.

Lögreglustjórar annast innheimtu sekta sem ákvarðaðar eru af dómstólum eða stjórnvöldum nema annað komi fram í viðkomandi sektarákvörðun. Dómsmálaráðherra er þó heimilt að ákveða að innheimta sekta og sakarkostnaðar verði á hendi eins lögreglustjóra eða annars aðila á landsvísi.

Heimilt er að leyfa að sekt sé greidd með afborgunum. Eigi skal þó veita lengri greiðslufrest en eitt ár frá því að sekt kemur til innheimtu. Heimilt er að veita lengri greiðslufrest ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Hafi greiðsla sektar ekki farið fram á tilskildum tíma skal þegar innheimta hana eða eftirstöðvar hennar með fjárnámi nema fyrir liggi að viðkomandi sé eignalaus.

Ekki er leyfilegt, án sérstakrar lagaheimildar, að krefjast greiðslu sektar úr dánarbúi sökunauts né að innheimta sekt hjá nokkrum öðrum en sökunaut sjálfum.

Sökunautur sem gerð hefur verið sekt getur ekki krafist aðra um endurgreiðslu eða bætur vegna greiðslu sektarinnar.

71. gr.

Vararefsing.

Nú telur lögreglustjóri að innheimtuaðgerðir séu þýðingarlausar eða fullreyndar og skal hann þá ákveða að vararefsingu verði beitt. Að höfðu samráði við fangelsismálastofnun skal sektarþola senda tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar. Tilkynningu skal senda með sannanlegum hætti.

Nú hefur hluti sektar verið greiddur og ákveður lögreglustjóri þá styttingu afplánunartíma að sama skapi en þó þannig að afplánunartíminn verði ekki styttri en tveir dagar og að sektarfjárhæð sem svarar til hluta úr degi afplánist með heilum degi.

72. gr.

Fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu.

Nú innheimtist fésekt ekki sem er 60.000 kr. eða hærri og lögreglustjóri hefur ákveðið að maður skuli afplána vararefsingu hennar, og er þá heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta vararefsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir.

Um lengd fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu gilda ákvæði 3. mgr. 28. gr.

Nú hefur umsækjandi fengið fimm eða fleiri sektir fyrir sambærileg brot og skal þá að jafnaði synja um samfélagsþjónustu.

Fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu hefst þegar sektarþoli gengst skriflega undir skilyrði samfélagsþjónustu.

73. gr.

Umsókn um samfélagsþjónustu.

Ákvæði II. kafla um samfélagsþjónustu gilda þegar vararefsing samkvæmt þessum kafla er fullnustuð með samfélagsþjónustu að öðru leyti en því að í stað þess að umsókn um afplánun vararefsingar með samfélagsþjónustu sé send fangelsismálastofnun skal sektarþoli senda lögreglustjóra slíka umsókn skriflega eigi síðar en sjö dögum eftir að honum barst tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar.

Þegar lögreglustjóra berst umsókn um fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu skal hann framsenda fangelsismálastofnun umsóknina til ákvörðunar ásamt gögnum máls og umsögn sinni.

74. gr.

Innheimta sakarkostnaðar.

Lögreglustjóri, eða annar aðili samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra, sbr. 70. gr., annast innheimtu sakarkostnaðar. Um innheimtu sakarkostnaðar gilda ákvæði 70. og 71. gr. eftir því sem við á.

75. gr.

Framkvæmd eignaupptöku.

Lögreglustjóri annast framkvæmd eignaupptöku.

Nú er það sem gert hefur verið upptækt í vörslu lögreglu og skal lögreglustjóri ráðstafa því ef ætla má að það hafi verðgildi umfram kostnað við sölu. Að öðrum kosti skal eyða því sem gert hefur verið upptækt.

X. KAFLI

Málsmeðferð og kæruheimildir.

76. gr.

Kæruleiðir og aðgangur að gögnum.

Þegar forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun að höfðu samráði við fangelsismálastofnun samkvæmt ákvæðum laga þessara er slík ákvörðun kæranleg til ráðuneytis.

Fangi á ekki rétt á aðgangi að málgögnum sem innihalda upplýsingar um aðra fanga eða öryggisatriði viðkomandi fangelsis.

Heimilt er að halda gögnum og upplýsingum frá fanganum ef slíkt telst nauðsynlegt með tilliti til öryggis fangelsis, brotaþola, vitna eða annarra sem tengjast máli fanga, annarra fanga, rannsóknar sakamáls eða annarra sérstakra ástæðna.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

77. gr.

Gæsluvarðhaldsfangar.

Ákvæði V. og VI. kafla gilda einnig um gæsluvarðhaldsfanga.

Eftir því sem við getur átt gilda ákvæði II., III. og IV. kafla einnig um gæsluvarðhaldsfanga svo framarlega sem annað leiðir ekki af takmörkunum sem gæsluvarðhaldsfanga er gert að sæta á grundvelli laga um meðferð opinberra mála. Þó ber gæsluvarðhaldsfanga ekki að stunda vinnu í fangelsi.

78. gr.

Náðunarnefnd.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, náðunarnefnd, svo og þrjá varamenn, til þriggja ára í senn. Formaður nefndarinnar og varaformaður skulu uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Nefndin skal láta ráðherra í té rökstudda tillögu um afgreiðslu á erindum sem til hans er skotið vegna ákvörðunar fangelsismálastofnunar um samfélagsþjónustu og reynslulausn, svo og um afgreiðslu náðunarbeiðna.

79. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga.

Hjá fangelsismálastofnun og í fangelsum er vinnsla persónuupplýsinga um fanga heimil, þar á meðal þeirra upplýsinga sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg vegna starfsemi viðkomandi stofnunar. Um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt þessari grein fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

80. gr.

Reglugerðarheimildir.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal reglur um fangelsismálastofnun og hlutverk hennar, t.d. um vinnslu persónuupplýsinga í stofnuninni og í fangelsum. Í reglugerð er einnig heimilt að mæla fyrir um vinnu og nám fanga, um greiðslu og fjárhæð þóknunar fyrir vinnu og nám, um leyfi til dvalar utan fangelsis og um viðtöl við fanga og talsmenn fanga í fjölmiðlum.

Þá er ráðherra heimilt að kveða í reglugerð nánar á um önnur atriði er varða framkvæmd ákvæða um réttindi og skyldur

fanga, fyrirkomulag og framkvæmd einangrunar, agaviðurlög, haldlagningu og upptöku muna, svo og um veitingu reynslulausnar, þar á meðal útfærslu skilyrða reynslulausnar.

Fangelsismálastofnun setur reglur fangelsa.

81. gr.

Refsiákvæði.

Sá sem smyglar eða reynir að smygla til fanga munum eða efnum sem getið er í 1. mgr. 52. gr. og hann veit eða má vita að fanga er óheimilt að hafa í fangelsi skal sæta sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum..

82. gr.

Gildistaka.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 2005.

Jafnframt falla úr gildi [lög um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988](#), með síðari breytingum, svo og 40.–42. gr., 2.–5. mgr. 52. gr. og [58. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940](#), með síðari breytingum.

Samþykkt á Alþingi 4. maí 2005.

REGLUGERÐ

um fullnustu refsinga.

1. gr.

Hlutverk fangelsismálastofnunar.

Hlutverk fangelsismálastofnunar er:

1. Að sjá um fullnustu refsidóma. Fangelsismálastofnun framsendir [sýslumanni]¹⁾ sektar-dóma til fullnustu og sakarkostnað til innheimtu.
2. Að annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið og gert að sæta eftirliti, fá skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar.
3. Að sjá um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta svo sem kveðið er á um í lögum og öðrum reglugerðum.
4. Að annast önnur verkefni í samræmi við ákvæði laga um fullnustu refsinga og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo sem að halda utan um tölulegar upplýsingar á sviði stofn-unarinnar og þar með stuðla að rannsóknum á sviði fangelsismála.

¹⁾ Rgl.1152/2014, 1. gr.

2. gr.

Meðferðar- og vistunaráætlun o.fl.

Fangelsismálastofnun skal í samvinnu við fanga gera meðferðar- og vistunaráætlun í upphafi refsivistar hans með tilliti til lengdar refsingar og persónulegra haga fangans. Í áætl-uninni skal meðal annars koma fram áhættumat, meðferðarþörf, geta til náms og/eða vinnu, og þörf fyrir sálfræðilegan, félagslegan og annan stuðning. Vinna skal eftir þessari áætlun með fanga á afplánunartímanum af menntuðu og þjálfuðu starfsfólki og skal endurskoða hana reglulega.

Markmið meðferðar- og vistunaráætlunarinnar er að fangi nái, eftir lok afplánunar, að fóta sig í samfélaginu, hann kunni að leita sér aðstoðar, hann eigi fastan samastað og hafi góð tengsl við fjölskyldu og/eða vini.

3. gr.

Vinna í fangelsi.

Matarhlé telst ekki til vinnutíma.

Þegar fangi getur ekki af trúarástæðum unnið tilgreindan vikudag skal tekið tillit til þess, eftir því sem aðstæður leyfa. Í slíku tilviki getur forstöðumaður fangelsis ákveðið að fangi uppfylli vinnuskyldu með öðrum hætti.

4. gr.

Þóknun og dagpeningar.

Fangelsismálastofnun skal setja gjaldskrá um þóknun fyrir vinnu og nám, upphæð dagpeninga fanga og greiðslufyrirkomulag. Þóknun fyrir hverja klukkustund fer eftir eðli starfs. Fangi í námi skal fá þóknun fyrir hverja kennslustund, en þó ekki fyrir fleiri kennslu-stundir en fimm á dag. Þóknun og dagpeningar skulu greiddir eftir á og að lágmarki á tveggja vikna fresti. Gjaldskráin skal endurskoðuð árlega. Heimilt er að greiða þóknun samkvæmt ákvæðislaunakerfi eða bónuskerfi í sérstökum tilvikum eða vegna sérstakra verkefna enda hafi fangelsismálastofnun samþykkt slíkt fyrir-komulag fyrirfram.

5. gr.

Nám, vinna eða starfsþjálfun utan fangelsis.

Við mat á því hvort heimila skuli fanga að stunda nám, vinnu eða vera í starfsþjálfun utan fangelsis skal taka tillit til afbrots og sakar- og afplánunarferils hans. Einnig skal taka tillit til hegðunar fangans í fangelsi og þess hvort hann hafi notfært sér meðferðarúrræði sem til boða hafa staðið í fangelsi. Að öðru leyti ber að hafa til hliðsjónar skilyrði fyrir veitingu dagsleyfa samkvæmt lögum um fullnustu refsinga.

6. gr.

Dvöl ungbarna í fangelsum.

Leyfa má konu, í samráði við barnaverndarnefnd, að hafa ungbarn sitt hjá sér í fangelsi fyrstu mánuði ævi þess, og að jafnaði þar til það verður 18 mánaða að aldri, enda sé það ekki talið andstætt hagsmunum barnsins.

7. gr.

Fyrirkomulag heimsóknna.

Fanga er heimilt að taka á móti gestum í allt að 2 klst. í senn. Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið að heimsóknartími sé lengri, bæði almennt og í einstökum tilfellum.

8. gr.

Eftirlit með heimsóknum.

Í upphafi afplánunar skal fangi skýra starfsmönnum fangelsis frá því hverjir séu nánustu vandamenn hans. Fangi skal tilkynna starfsmönnum fangelsisins um heimsókn slíkra aðila.

Óski fangi eftir heimsókn annarra en tilkynnt var um í upphafi skal hann að jafnaði tilkynna það með

tveggja vikna fyrirvara. Heimilt er að krefja þann er heimsækir fanga um persónuskilríki.

9. gr.

Eftirlit með heimsóknargestum.

Forstöðumaður fangelsis setur reglur um hvaða hluti heimsóknargestur má hafa með sér. Heimilt er að setja það skilyrði að það sem farið er með til fanga sé skoðað. Hlutir sem heimsóknargestum er bannað að koma með til fanga, skulu varðveittir tryggilega á meðan á heimsókn stendur.

10. gr.

Heimsóknir barna.

Heimsóknir barna yngri en 16 ára til fanga skulu fara fram í fylgd forráðamanns eða annars aðstandanda. Heimilt er að leyfa barni sem náð hefur 16 ára aldri að heimsækja fanga án fylgdar, liggi fyrir skriflegt samþykki forráðamanns eða annars aðstandanda, enda verði það ekki talið andstætt hagsmunum barnsins.

11. gr.

Reglubundnar heimsóknir.

Fangelsismálastofnun getur leyft reglubundnar heimsóknir tilgreindra einstaklinga til eins eða fleiri fanga án þess að það skerði rétt fanga til almennra heimsókna. Slíkar heimsóknir mega fara fram utan reglubundinna heimsóknartíma.

12. gr.

Heimsóknir undir eftirliti.

Þegar heimsókn fer fram undir eftirliti fangavarðar má setja það skilyrði að samtal fari fram á tungumáli er fangavörðurinn skilur, enda teljist það nauðsynlegt til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi eða til að fyrirbyggja refsiverðan verknað. Ef aðstæður krefja skal fá túlk til aðstoðar.

13. gr.

Nánari reglur um fyrirkomulag heimsókna.

Forstöðumaður fangelsis getur að öðru leyti sett nánari reglur um fyrirkomulag heim-sókna. Upplýsa skal þann sem kemur í heimsókn til fanga um þær reglur er gilda um heim-sóknir.

14. gr.

Haldlagning bréfs.

Nú er hald lagt á bréf og skal þá sendanda tilkynnt um að það hafi verið haldlagt, nema ríkar ástæður séu til annars.

15. gr.

Opinberar stofnanir.

Með opinberum stofnunum í 4. mgr. 36. gr. og 2. mgr. 37. gr. laga um fullnustu refsinga er, auk íslenskra opinberra stofnana, átt við:

1. Mannréttindadómstól Evrópu.
2. Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna.
3. Nefnd Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum.
4. Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.
5. Stjórnarérindreka eða ræðismann, ef fangi er ríkisborgari viðkomandi ríkis.

16. gr.

Aðgangur að fjölmiðlum.

Skrifleg umsókn um viðtal við fanga í fjölmiðli skal send fangelsismálastofnun. Þar skal koma fram við hvern óskað er viðtals, efni viðtals í meginatriðum og hvort óskað er eftir myndatöku eða hljóðritun. Þegar metið er hvort viðtal verður veitt skal fangelsismálastofnun einkum líta til alvarleika brots, hversu langt er liðið á afplánun fangans og hegðunar hans í refsivist. Viðtal verður ekki veitt ef talið er að það sé andstætt almannahagsmunum eða hagsmunum brotþola.

Nú er um gæsluvarðhaldsfanga að ræða og ákveður þá sá sem rannsókn stýrir í við-komandi máli að höfðu samráði við fangelsismálastofnun hvort viðtalið skuli heimilað.

Nú er veitt heimild til viðtals og skal þá í leyfinu kveðið á um hvernig því skuli háttað, þ.á m. um eftirlit með viðtalinu og að fangelsismálastofnun sé heimilað að skoða viðtal eða myndatöku í endanlegri mynd áður en það er birt eða sent út til að staðreyna hvort skilyrði fyrir viðtalinu eða myndatöku hafi verið uppfyllt í því skyni að tryggja að viðtalið teljist hvorki andstætt almannahagsmunum eða hagsmunum brotþola.

Bein útsending viðtals er óheimil. Ekki er heimilt að nafngreina eða fjalla um persónuleg málefni annarra fanga í viðtali en þess sem viðtalið er við. Ekki er heimilt að mynda aðra fanga en viðtalið er við nema með þeirra samþykki. Forstöðumaður fangelsis ákveður hvar myndataka fer fram.

17. gr.

Reglubundin dagsleyfi.

Greiða skal fanga þóknun eða dagpeninga, eins og venjulega, fyrir þann tíma sem hann er utan fangelsis vegna leyfis, nema þegar hann hefur rofið skilyrði leyfisins eða að öðru leyti þær reglur sem um það giltu eða misnotað það að öðru leyti.

18. gr.

Synjun um leyfi eða afturköllun þess.

Nú er synjað um leyfi til dvalar utan fangelsis vegna þess að hætta er á að fangi muni misnota það eða það er afturkallað, og skal þá koma fram hvenær ákvörðunin geti fyrst komið til endurskoðunar.

19. gr.

Skilyrði reynslulausnar.

Fangelsismálastofnun er heimilt að ákveða að fangi skuli látinn laus til reynslu þegar hann hefur afplánað tvo þriðju hluta refsítímans, eða þegar helmingur refsítímans er liðinn, sbr. 2. mgr. 63. gr. laga um fullnustu refsinga.

Að jafnaði verður fanga ekki veitt reynslulausn þegar liðinn er helmingur refsítímans, ef hann afplánar refsingu fyrir alvarlegt eða að öðru leyti gróft afbrot, eða tilraun til slíks brots, s.s. manndráp, ofbeldis- eða kynferðisbrot, frelsissviptingarbrott, meiri háttar fíkniefnabrot, brennu eða önnur almannahættubrot, rán eða annað afbrot sem þykir sérlega alvarlegt eða gróft.

20. gr.

Gæsluvarðhaldsfangar.

Rannsóknaraðili skal, ef því verður við komið, tilkynna starfsmönnum viðkomandi fang-elsis í tæka tíð um væntanlegan gæsluvarðhaldsfanga.

Þegar gæsluvarðhaldsfangi kemur í gæsluvarðhald skal afhenda starfsmanni fangelsis staðfest endurrit af gæsluvarðhaldsúrskurði eða yfirlýsingu dómara um úrskurðinn. Jafnframt skal afhenda vistunarseðil, sem sá sem rannsókn stýrir gefur út, þar sem fram kemur nafn, kennitala og heimilisfang fanga, hvar og hvenær úrskurður var kveðinn upp og tímalengd hans, hver stýrir rannsókn og hver sé verjandi fanga og símanúmer verjandans. Á vist-unarseðli skal ennfremur tilgreina fyrirkomulag gæsluvarðhalds.

21. gr.

Upphaf gæsluvarðhalds.

Þegar starfsmaður fangelsis hefur staðreynt að gæsluvarðhaldsfangi skuli settur í gæslu-varðhald, skal fanginn afhenda persónulega muni og líkamsleit gerð. Áður en gæsluvarðhalds-fangi er færður til klefa síns er heimilt að ákveða að hann fari í bað eða sturtu.

22. gr.

Fæði gæsluvarðhaldsfanga.

Gæsluvarðhaldsfanga skal séð fyrir fæði á venjubundnum matmálastímum. Forstöðu-maður fangelsis getur takmarkað eða bannað að fangi fái sent fæði ef hætta þykir á að það raski góðri reglu eða öryggi í fangelsinu. Fangelsi greiðir ekki kostnað við fæði sem gæslu-varðhaldsfangi útvegar sér eða fær sérstaklega sent, nema það sé gert að ráði fangelsislæknis.

23. gr.

Skammtímaleyfi gæsluvarðhaldsfanga.

Nú er gæsluvarðhaldsfanga veitt skammtímaleyfi skv. IV. kafla laga um fullnustu refs-inga og skal þá liggja fyrir skriflegt samþykki af hálfu þess sem rannsókn stýrir.

Þegar gæsluvarðhaldsfangi fær skammtímaleyfi skal hann ávallt vera í fylgd lögreglu-manna eða fangavarda.

24. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga.

Forstjóri fangelsismálastofnunar og forstöðumenn fangelsa bera ábyrgð á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga og að meðferð þeirra samrýmist reglum og stöðlum sem Persónu-vernd setur um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga. Jafnframt bera þeir ábyrgð á að varsla gagna sé með traustum hætti. Til að fullnægja þessu skal reglulega framkvæma öryggismat og gerðar kerfisbundnar öryggisráðstafanir.

Forstjóri fangelsismálastofnunar og forstöðumenn fangelsa skulu viðhafa og skipuleggja viðvarandi innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga. Eftirlitið skal miða að því að tryggja áreiðanleika upplýsinga og koma í veg fyrir aðgang, breytingu eða miðlun upplýsinga án heimildar.

Vinnsla persónuupplýsinga skal takmörkuð við upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna fullnustustarfa og er óheimilt að nýta þær í öðrum tilgangi. Eftir því sem frekast er unnt skal vinnsla persónuupplýsinga bundin við sannreyndar upplýsingar. Upplýsingum skal eytt þegar þeirra er ekki lengur þörf.

25. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 80. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005, öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi eftirtaldar reglugerðir:

1. Reglugerð um fullnustu refsídóma nr. 29 28. janúar 1993, með síðari breytingu.
2. Reglugerð um gæsluvarðhaldsvist nr. 179 4. maí 1992, með síðari breytingum.
3. Reglugerð um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis nr. 719 29. desember 1995, með síðari breytingum.
4. Reglugerð um vinnu, nám og dagpeninga til afplánunarfanga nr. 409 6. júlí 1998, með síðari breytingu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. nóvember 2005.

Björn Bjarnason.

B-deild – Útgáfud.: 9. nóvember 2005

Breyting á ofangreindri reglugerð:

REGLUGERÐ

nr. 362/2009

um breyting á reglugerð um fullnustu refsinga nr. 961/2005.

1. gr.

Á eftir 22. gr. reglugerðarinnar bætist við ný grein, svohljóðandi:

23. gr.

Notkun síma og annarra fjarskiptatækja.

Gæsluvarðhaldsfanga er heimilt að nota síma eða önnur fjarskiptatæki, þó þannig að honum er slík notkun óheimil í klefa sínum. Sá sem stýrir rannsókn getur þó bannað eða takmarkað notkunina. Gæsluvarðhaldsfangi má nota önnur fjarskiptatæki utan klefa í tengslum við nám og vinnu. Forstöðumaður fangelsis getur takmarkað eða bannað að gæsluvarðhaldsfangi noti önnur fjarskipta-tæki ef hætta þykir á að það raski góðri reglu eða öryggi í fangelsinu. Sé gæsluvarðhaldsfangi vistaður innan um aðra afplánunarfanga gilda ákvæði laga um fullnustu refsinga um notkun á síma og öðrum fjarskiptatækjum.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 80. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005 og 4. mgr. 99. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. mars 2009.

Ragna Árnadóttir.

Skúli L.

B-deild – Útgáfud.: 8. apríl 2009

Þann 1. október sl. tóku gildi [lög nr. 129/2011](#) um breytingu á lögum um fullnustu refsinga nr. 49/2005 (rafrænt eftirlit, samfélagsþjónusta).

Megintilgangur laganna er að lögfesta nýtt fullnustuúrræði, rafrænt eftirlit með dómþolum sem afplána óskilorðsbundna fangelsisrefsingu og hins vegar að hækka þá hámarksrefsingu sem unnt er að fullnusta með samfélagsþjónustu í 9 mánaða fangelsi.

Rafrænt eftirlit er fullnustuúrræði sem felur í sér að föngum er heimilað að afplána refsingu utan fangelsis enda hafi þeir á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum þeirra. Þeim er yfirleitt gert skylt að stunda vinnu, nám eða önnur verkefni sem samþykkt eru og eru liður í aðlögun þeirra að samfélaginu á ný. Búnaðurinn sem þeir hafa á sér gerir eftirlitsaðilum kleift að fylgjast með því að þeir mæti á þá staði sem þeim ber að vera og séu á heimili sínu þegar þess er krafist. Þá er einnig haft eftirlit með þeim á dvalarstað þeirra til þess að tryggja að þeir fari að settum skilyrðum, eins og t.d. banni við neyslu áfengis og fíkniefna. Einnig er lögð áhersla á félagslega þjónustu og aðra aðstoð við fanga á fullnustutímanum.

Skilyrði þess að rafrænt eftirlit komi til álita eru:

1. að fangi teljist hæfur til að sæta rafrænu eftirliti,
2. að fangi hafi fastan dvalarstað sem samþykktur hefur verið af fangelsismálastofnun,
3. að maki fanga, forráðamaður, nánasti aðstandandi eða húsráðandi samþykki að hann sé undir rafrænu eftirliti á sameiginlegum dvalarstað þeirra,
4. að fangi stundi vinnu, nám, sé í starfsþjálfun, meðferð eða sinni öðrum verkefnum sem fangelsismálastofnun hefur samþykkt og er liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný,
5. að fangi hafi áður nýtt sér úrræði skv. 1. mgr. 24. gr. með fullnægjandi hætti,
6. að fangi hafi ekki rofið skilyrði rafræns eftirlits á síðastliðnum þremur árum,

[að fangi eigi að jafnaði ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað enda sé málið rekið með eðlilegum hætti og dráttur því ekki af völdum fangans.](#)

Í [greinargerð með lögnum](#) kemur fram að ekki þygi rétt að ákveða fyrir fram hvernig búnaður verði notaður en um geti verið að ræða rafrænan búnað, ökklaband eða annan viðlíka búnað sem fullnægir skilyrðum ákvæðisins, t.d. farsíma sem er búinn myndavél og staðsetningartækni eða öðrum búnaði sem gerir fangelsismálastofnun kleift að sannreyna staðsetningu fanga. Lagt er í hendur fangelsismálastofnunar að ákveða nánar hvers konar búnaður kemur til greina og mæla fyrir um eftirlitið að öðru leyti. Fangelsismálastofnun vinnur nú að því að ákveða hvaða búnaður verði fyrir valinu.



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Vistun í opnum fangelsum

Verklagsreglur til viðmiðunar

1. gr.

Markmið

Markmið reglna þessara er að tryggja að ákvarðanir um vistun í opnum fangelsum séu samkvæmt lögum og reglugerð um fullnustu refsinga og jafnframt að stuðla að því að fangar séu upplýstir um þau sjónarmið sem taka ber mið af við slíkar ákvarðanir.

2. gr.

Sjónarmið við ákvörðun um vistun í opnu fangelsi

Við val á því hvaða fangar vistast í opnum fangelsum er m.a. horft til aldurs þeirra, þess að þeir séu færir um að afplána við lágmarksgæslu, að þeir séu að búa sig undir að ljúka refsivist, að þeir afpláni að jafnaði ekki lengur en tvö ár í fangelsinu, að þeir séu ekki háðir vanabindandi lyfjum, að þeir stundi vinnu eða nám og séu reiðubúnir til að taka virkan þátt í starfsemi fangelsisins.

3. gr.

Agaviðurlög

Gerist fangi sekur um agabrot í afplánun skal sýna sérstaka gát við mat á því hvort flytja eigi hann í opið fangelsi. Vistun í opnu fangelsi kemur að jafnaði ekki til skoðunar fyrr en í fyrsta lagi að þremur mánuðum liðnum frá agabroti. Heimilt er að gera undantekningu á því vegna mjög sérstakra persónulegra aðstæðna fanga, s.s. ungs aldurs hans.

4. gr.

Kynferðisbrotamenn gegn börnum

Fangi sem afplánar refsingu fyrir kynferðisbrot gegn barni skal að jafnaði ekki vistast í opnu fangelsi nema samkvæmt áhættumati sérfræðinga Fangelsismálastofnunar og að uppfylltri meðferðaráætlun þeirra.

5. gr.

Brottvísun úr landi

Ef fyrir liggur ákvörðun Útlendingastofnunar um að fanga verði vísað úr landi að afplánun lokinni skal hann að jafnaði ekki vistast í opnu fangelsi.

6. gr.

Afplánun í opnu fangelsi

Við komu í opið fangelsi skal fangi undirrita samkomulag þar sem hann skuldbindur sig til þess að fara eftir þeim reglum sem í fangelsinu gilda og taka virkan þátt í starfsemi þess.



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

7. gr. *Brot á reglum*

Brjóti fangi reglur sem gilda í opnu fangelsi og/eða almennar fangelsisreglur getur það leitt til áminningar eða flutnings í lokað fangelsi. Slíkt getur haft áhrif á afgreiðslu beiðna um dagsleyfi, dvöl á Vernd, rafrænt eftirlit, reynsulausn o.fl.

Nú hefur fangi verið vistaður í opnu fangelsi en gerst brotlegur við þær reglur sem um slíka vistun gilda og skal hann að jafnaði ekki vistast aftur í opnu fangelsi í þeirri afplánun.

8. gr. *Gildistaka*

Reglur þessar taka gildi nú þegar.

Fangelsismálastofnun ríkisins, 1. desember 2012

Páll E. Winkel

Til upplýsinga við innkomu í fangelsi:

Um afplánun

- Um afplánun gilda lög nr. 49/2005 um fullnustu refsinga, reglugerð nr. 961/2005 um fullnustu refsinga, fangelsisreglur sem og húsreglur í hverju fangelsi fyrir sig. Reglurnar eru aðgengilegar í öllum fangelsum og eru fangar hvattir til að kynna sér þær.

Samband við aðstandendur og lögmann

(Lög nr. 49/2005 – 17. gr.)

- Fanga er heimilt að tilkynna aðstandendum sínum og lögmanni um afplánunina eins fljótt og auðið er.

Áhættu- og þarfamat

- Við upphaf afplánunar er gert áhættu- og þarfamat á föngum sem afplána refsingu fyrir kynferðisbrot gegn börnum, manndráp og alvarleg ofbeldisbrot. Sama getur átt við ef fangi hefur sýnt af sér mjög ámælisverða hegðun í afplánun.

Ákvörðun um vistunarstað

(Lög nr. 49/2005 – 14. gr.)

- Fangelsismálastofnun ákveður í hvaða fangelsi afplánun skuli fara fram. Við ákvörðunina skal tillit tekið til aldurs, kynferðis og brotaferils fangans og þyngdar refsingar auk þeirra sjónarmiða sem gilda um vistun í hverju fangelsi fyrir sig.

Vinna í fangelsi

(Lög nr. 49/2005 – 18. gr.)

- Fanga er rétt og skylt, eftir því sem aðstæður leyfa, að stunda vinnu eða aðra viðurkennda starfsemi í fangelsi. Nánari upplýsingar um vinnu veita starfsmenn fangelsa.

Nám og starfsþjálfun

(Lög nr. 49/2005 – 19. gr.)

- Fangi skal eiga kost á að stunda nám, starfsþjálfun eða taka þátt í annarri starfsemi sem fram fer í fangelsi eftir því sem unnt er og hann telst hæfur til. Nánari upplýsingar veita starfsmenn fangelsa.

Þóknun og dagpeningar

(Lög nr. 49/2005 – 20. gr.)

- Fanga skal greidd þóknun fyrir ástundun vinnu eða náms. Sé ekki unnt að útvega fanga vinnu eða hann getur samkvæmt læknisvottorði ekki sinnt vinnuskyldu, skal hann fá greidda dagpeninga fyrir þá daga sem hann hefði ella unnið.

Agabrot

(Lög nr. 49/2005 – 56.- 57. gr.)

- Forstöðumaður getur beitt fanga agaviðurlögum samkvæmt 57. gr. laga um fullnustu refsinga vegna brota á lögnum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra.

Heimsóknir

(Lög nr. 49/2005 – 33. gr.)

- Fangi getur fengið heimsóknir. Í upphafi afplánunar fær fangi afhent eyðublað þar sem hann getur skráð þá sem hann óskar eftir að fá í heimsókn. Þar skal koma fram nafn heimsóknargests, kennitala hans og tengsl við fanga.
- Heimsókn barns/barna til fanga skal ávallt fara fram í fylgd forsjármanna eða annarra aðstandenda. Þó geta forsjáraðilar heimilað barni á aldrinum 16-18 ára að heimsækja náinn ættingja án fylgdar.
- Áður en barn kemur í heimsókn í fangelsi skal ávallt liggja fyrir forsjárvottorði frá Þjóðskrá Íslands. Sími Þjóðskrár er 515-5300 en athygli er vakin á því að nokkra daga getur tekið að fá slíkt vottorð afgreitt.

Skammtímaleyfi
(Lög nr. 49/2005 – 46. gr.)

- Heimilt er að veita fanga skammtímaleyfi til að heimsækja alvarlega sjúkan náinn ættingja eða annan nákominn í fjölskyldu fanga, vera viðstaddur jarðarför eða kistulagningu náins ættingja, fæðingu, skírn eða fermingu barns síns eða til að gæta sérstaklega brýnna persónulegra hagsmuna sinna.

Erlendir fangar (Lög nr. 49/2005 – 40. gr.)

- ☐ Erlendur fangi á rétt á að hafa samband við sendiráð lands síns eða ræðismann þess.
- ☐ Ef fangi er ríkisfangslaus eða flóttamaður aðstoðar fangelsi hann við að hafa samband við fulltrúa innlendra eða alþjóðlegra stofnana sem gæta hagsmuna slíkra einstaklinga.
- ☐ Erlendur fangi á rétt á tülki þegar honum er gerð grein fyrir réttindum sínum og skyldum í afplánun sé þess þörf. Hann á jafnframt rétt á að hafa samband við lögmann sinn með aðstoð túlks þegar þurfa þykir.

Dagsleyfi
(Lög nr. 49/2005 – 44.- 45. gr.)

- Heimilt er að veita langtímafanga reglubundin dagsleyfi. Slíkt leyfi kemur fyrst til skoðunar þegar fangi hefur samfellt afplánað þriðjung refsítímans í fangelsi, þó ekki skemmri tíma en eitt ár. Þegar fangi hefur verið samfellt í fjögur ár í fangelsi er heimilt að veita honum slíkt leyfi þótt þriðjungur refsítímans sé ekki liðinn.
- Fangi skal að jafnaði sækja um dagsleyfi þremur mánuðum áður en leyfið kemur fyrst til skoðunar. Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá fangavörðum.
- Við ákvörðun um dagsleyfi skal m.a. taka tillit til þess hvort fangi hafi notfært sér meðferðarúrræði sem til boða hafa staðið í fangelsi. Ef fangelsisyrfirvöld telja nauðsynlegt að fangi sæti meðferð sálfræðinga, félagsráðgjafa eða annarra sérfræðinga fangelsanna, t.d. með hliðsjón af eðli brots hans eða hegðun hans í afplánun en hann nýtir sér ekki slíka þjónustu getur það leitt til þess að beiðni um dagsleyfi verði synjað.

Nám, vinna eða starfsþjálfun utan fangelsis
(Lög nr. 49/2005 – 47. gr.)

- Heimilt er að veita langtímafanga leyfi til dvalar utan fangelsis til að stunda nám, vinnu eða starfsþjálfun ef það telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að afplánun ljúki.

Fullnusta utan fangelsa
(Lög nr. 49/2005 – 24. gr.)

- Fangelsismálastofnun getur leyft fanga að afplána hluta refsingar utan fangelsis á Áfangaheimili Verndar enda stundi hann vinnu eða nám sem fangelsismálastofnun hefur samþykkt.
- Mikilvægt er að fangi sækji tímanlega um dvöl á Vernd svo að ákvörðun liggi fyrir á réttum tíma. Umsóknareyðublað um dvöl á Vernd er hægt að fá hjá fangavörðum.

Rafrænt eftirlit
(Lög nr. 49/2005 – 24. gr.a, b og c)

- Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi eða lengri getur fangelsismálastofnun leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis undir rafrænu eftirliti.
- Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskb. fangelsi er afplánun undir rafrænu eftirliti 30 dagar sem lengist um 2,5 dag fyrir hvern dæmdan mánuð en verður að hámarki 240 dagar.
- Eitt þeirra skilyrða sem eru fyrir því að rafrænt eftirlit komi til grein er að fangi hafi áður nýtt [sér úrræði skv. 1. mgr. 24. gr. með fullnægjandi hætti](#), s.s. með afplánun á Áfangaheimili Verndar.
- Mikilvægt er að fangi sækji tímanlega um afplánun undir rafrænu eftirliti svo að ákvörðun liggi fyrir á réttum tíma. Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá fangavörðum.

Reynslulausn
(Lög nr. 49/2005 – 63.- 65. gr.)

- Heimilt er að veita fanga reynslulausn þegar liðinn er helmingur eða 2/3 hlutar refsítímans.
- Mikilvægt er að sækja tímanlega um reynslulausn svo að ákvörðun liggi fyrir á réttum tíma. Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá fangavörðum.

Kæruleiðir
(Lög nr. 49/2005 – 61. og 76. gr.)

- Hægt er að kæra ákvarðanir forstöðumanna fangelsa til Fangelsismálastofnunar.
- Ákvarðanir um agaviðurlög og vistun í öryggisklefa og ákvarðanir sem teknar eru í samráði við Fangelsismálastofnun eru kærarlegar til innanríkisráðuneytisins.

Umboðsmaður Alþingis
(Lög nr. 49/2005 – 17. gr.)

- Fanga er heimilt að beina kvörtunum til umboðsmanns Alþingis.

Information on arrival to prison:

Serving a sentence

☐ The Prison and Probation Administration supervises the execution of sentences and other functions in accordance with the provisions of the Execution of Sentences Act No. 49/2005 and regulation of Sentences Act No. 961/2005.

Permission to inform close relatives and lawyers

(Law nr. 49/2005 – article 17)

☐ When prisoners begin serving their sentences they shall be permitted to inform their closest relatives and lawyers about their imprisonment as soon as possible.

Risk and Need Assessment

☐ At the beginning of imprisonment a risk- and a need assessment should be made on prisoners with sexual offences against children and serious violence and also if the prisoner behaves badly during the term of imprisonment.

Decision on place of detention

(Law nr. 49/2005 – article 14)

☐ The Prison and Probation Administration shall decide in which prison the prisoner is to serve his sentence. This decision shall take into account the prisoner's age, sex, criminal record and the severity of the sentence, and also the considerations applying to detention in each individual prison.

Work in prison

(Law nr. 49/2005 – article 18)

☐ Prisoners shall be obliged, as circumstances permit, to work or pursue other approved activities in prison. Further information is applied by the prison staff.

Studies and vocational training

(Law nr. 49/2005 – article 19)

☐ Prisoners shall have an opportunity to pursue studies or vocational training or participate in other activities held in the prison, according to what is practicable and what they are considered as being capable of doing. Further information is applied by the prison staff.

Allowances

(Law nr. 49/2005 – article 20)

☐ Prisoners shall receive an allowance for doing work or pursuing studies. If it is not possible to provide a prisoner with work, or if, according to a medical certificate, he is unable to discharge his obligation to work, he shall receive an allowance for the days on which he would otherwise have worked.

Breaches of discipline

(Law nr. 49/2005 – article 56-57)

☐ Prison directors may apply disciplinary measures to prisoners in response to violations of the Execution of Sentences Act and the rules issued thereunder stating prisoners' obligations, providing that it is stated that violation will result in the imposition of disciplinary measures.

Visits

(Law nr. 49/2005 – article 33)

☐ Prisoners may receive visits in prison, not less than once a week, according to facilities in the prisons.
☐ All visits from children must be accompanied by a legal guardian.

Short-term leave

(Law nr. 49/2005 – article 46)

☐ Prison directors may grant prisoners short-term leave to spend time outside the prison for the following purposes:

- To visit a close relative or other close family member who is seriously ill, having received permission from the person concerned or his next of kin.
- To attend the funeral or funeral preparation ceremony of a close relative or other close family member; in the case of his or her spouse, direct descendant or parent, the prisoner may attend both the funeral preparation ceremony and the funeral.

- To attend the birth, baptism or confirmation of his or her child. To attend to particularly urgent personal interests.

Foreign prisoners

(Law nr. 49/2005 – article 40)

- Foreign prisoners shall be entitled to contact their national embassies or consuls.
- If a prisoner is stateless, or is a refugee, the prison shall help him to contact representatives of Icelandic or international organizations which defend the interests of such persons.
- Foreign prisoners shall be entitled to the services of an interpreter, when necessary, when their rights and obligations during their time in prison are explained to them. They shall also have the right to contact their lawyers with the assistance of an interpreter when considered necessary.

Regular day leave

(Law nr. 49/2005 – article 44-45)

- The prison director may grant prisoners regular day leave to spend time outside the prison in order to be with their families or friends if this is considered to be beneficial as an element in the service of their sentences or in order to prepare them for when they complete their sentences.
- Leave under this Article may first be considered when the prisoner has served, in a continuous stretch, one third of his sentence, and not less than one year. When a prisoner has spent four continuous years in prison, he may be granted leave of this type even though one third of the sentence is not completed.
- In an application for leave, the prisoner shall state how he intends to spend the time or who he intends to visit. Before leave is granted, confirmation may be sought from the person named to establish that the visit may take place. An application form can be obtained from the prison staff.

Studies, work or vocational training outside prison

(Law nr. 49/2005 – article 47)

- The Prison and Probation Administration may grant prisoners who are serving sentences leave to spend time outside prison in order to pursue studies, work or vocational training if this is considered beneficial as an element in the service of their sentences or in order to prepare them for when they complete their sentences.

Execution of sentences outside prison

(Law nr. 49/2005 – article 24)

- The Prison and Probation Administration may permit a prisoner to complete the service of his sentence outside prison providing that he engages in work or a program of study which is approved by the Prison and Probation Administration
- It is important to apply for such in good time. An application form can be obtained from the prison staff.

Electronic monitoring

(Law nr. 49/2005 – article 24. gr.a, b and c)

- If the prison sentence is 12 months, the prisoner can complete serving his sentence outside prison with electronic monitoring for 30 days.
- If the prison sentence is longer than 12 months, the prisoner will get 2.5 days on electronic monitoring for each month exceeding 12 months, though in total not more than 240 days.
- One of the requirements is that the prisoner has previously served a part of his sentence outside prison satisfactorily according to the 24th article.
- It is important to apply for such in good time. An application form can be obtained from the prison staff.

Probationary release

(Law nr. 49/2005 – article 63-65)

- When a prisoner has completed half or two thirds of his sentence, the Prison and Probation Authority may decide that he is to be released on probation.
- It is important to apply for such in good time. An application form can be obtained from the prison staff.

Appeal procedure

(Law nr. 49/2005 – article 61 and 76)

- When a prison director takes a decision following consultation with the Prison and Probation Administration under this Act, an appeal against the decision may be lodged with the Ministry of Justice.
- Appeals against decisions on disciplinary measures and detention in security cells under may be lodged with the Ministry of Justice.

Parliamentary Ombudsman

(Law nr. 49/2005 – article 17)

- Prisoners shall have the opportunity of contacting the Parliamentary Ombudsman. 01.03.2015

1.3.2015